

Kunna enn öll gömlu lögin



Carl Boutard og náttúran



Lífið > 24

Menning > 20

FRÉTTABLAÐIÐ

218. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 5. NÓVEMBER 2021



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók þátt í æfingu með þyrlu Landhelgisgæslunnar í gær til þess að vekja athygli á árlegri sölu Neyðarkalls björgunarsveitanna. Sala Neyðarkallsins hófst formlega í gær og af því tilefni var forsetinn hífður úr björgunarskipinu Ársæli um borð í TF-Gná. Eliza Reid forsetafrú tók við stýrinu í björgunarskipinu á meðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aldrei færri íbúðir til sölu í borginni

Aðeins um 400 til 500 íbúðir eru til sölu á öllu höfuðborgarsvæðinu. Formaður Félags fasteignasala man ekki annað eins.

bth@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Mjög hefur dregið úr fasteignaviðskiptum á höfuðborgarsvæðinu vegna þess hve fáar íbúðir eru til sölu. Eignir í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu voru í maí árið 2020 um 1.800 samkvæmt tölum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Nú eru lausar eignir í fjölbýli aðeins um 250 að sögn formanns Félags fasteignasala, Hannesar Steindórssonar. Framboðið hefur minnkað sjöfalt.

„Það er ofboðslega lítið til. Ég er búinn að vera í þessum bransa í sautján ár og man ekki annað eins. Staðan hefur aldrei verið svona,“ segir Hannes.

Opinber gögn um eignir á skrá segja aðeins hálfa söguna, því inni í fjölda fasteigna til sölu eru hesthús, lóðir, sumarhús, atvinnusvæði og fleira.

Hannes segir að í raun sé heildarframboð íbúða á öllu höfuðborgarsvæðinu aðeins 400 til 500. 60 til 70 einbýlishús eru fól og 60 par- og raðhús. Sum hverfi séu nánast framboðslaus svo sem Vesturbær og Sel-tjarnarnes. Þá séu aðeins örfáir tugir eigna í fjölbýli til sölu í Kópavogi.

Þrjú til fjögur ár eru þangað til jafnvægi mun nást milli framboðs



Staðan hefur aldrei verið svona.



Hannes Steindórsson, formaður Félags fasteignasala

og eftirspurnar þótt töluvert sé í pípunum af húsnæði í byggingu eða á áætlun, að mati Hannesar. Ójafnvægið þrýstir íbúðaverði upp. 35 til 40 prósent eigna fóru á yfirverði síðustu mánuði á höfuðborgarsvæðinu. Bankar hafa spáð 7-10 prósent hækkun á verði fasteigna næsta ár. Áður hefur Fréttablaðið fjallað um að hluti fólks sem vill helst búa á höfuðborgarsvæðinu leiti í húsnæði í nágrannabyggðum vegna stöðunnar. Hannes telur þann hóp ekki hlutfallslega stóran en nefnir sem dæmi að nú seljist allt á Akranesi sem komi á markað.

Eina lausn á framboðsvandanum telur Hannes vera að bæjarfélögum takist að stytta tímann frá upphafi skipulags til byggingarleyfis. ■

Agnieszka nýr formaður Eflingar

thorgrimur@frettabladid.is

VERKALYÐSMÁL Agnieszka Ewa Ziolkowska tók við formennsku í stéttarfélaginu Eflingu eftir stjórnfund í gær. Agnieszka mun gegna formannsembættinu að minnsta kosti fram að næstu formannskosningum í mars. Agnieszka er fyrsti innflytjandinn sem gegnir formennsku í Eflingu en aðflutt verkafólk er um helmingur af félagatalinu. Hvorki Agnieszka né aðrir stjórnarmenn veittu fjölmiðlum viðtöl í gær. ■



Agnieszka Ewa Ziolkowska




HUGSAÐU FRAM Á VIÐ!

Rafmagnaður fræðsludagur HEKLU

Laugardaginn 6. nóvember frá 12:00-16:00

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is





Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hertar aðgerðir eru í kortunum

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra mun ræða tillögur Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis um hertar sóttvarnir innanlands, á fundi ríkisstjórnar í dag. Svandís staðfestir þetta við Fréttablaðið.

Töluverður vöxtur hefur verið í Covid-19 smitum undanfarna daga en í fyrradag greindust 144 með veiruna. Um er að ræða mesta fjölda sem hefur greinst hér á landi síðan 4. ágúst.

Þegar heilbrigðisráðherra gerði síðast breytingu á reglugerð um sóttvarnir var um að ræða tilslökun og til stóð að öllum aðgerðum yrði aflétt eftir tvær vikur. Nú má hins vegar búast við því að ráðherra kynni hertar aðgerðir að loknum ríkisstjórnarfundum fyrir hádegjið. ■

Gróðrarstöð vikur fyrir skrifstofum



Verið er að höggva niður síðustu trén á lóð þar sem Gróðrarstöðin Storð stóð við Dalveg í Kópavogi. Til stendur að verslunar- og skrifstofuhúsnæði rísi á svæðinu en gróðrarstöðin er nú flutt eftir 25 ár í Laugarás í Bláskógabyggð. Tvö trén verða dubbuð upp sem jólatré í Kópavogi yfir hátíðirnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Einar H. Valsson skipherra stýrir Freyju frá Rotterdam til Íslands
MYND/LHG

Skipherra segir að Freyja lofi góðu

ingunnlara@frettabladid.is

„Það gengur mjög vel að sigla skipinu og ferðin hefur gengið mjög vel. Tilfinningin er mjög góð og eiginlega óraunverulegt að vera kominn af stað,“ segir Einar H. Valsson, skipherrann á varðskipinu Freyju sem er nú á leið frá Rotterdam til Íslands.

Freyja kemur í stað varðskipisins Týs. Einar segir eiginlega ósannjarnt að bera skipin saman.

„Freyja er um fjórum sinnum stærri en Týr og allt öðruvísi. Skipið er mun betur búið en Týr hvað varðar stjórnbúnað og tæki,“ segir skipherrann sem hefur siglt í öllu veðri og vindum. Freyja lofi góðu.

Áhöfn Freyju er spennt fyrir heimkomunni. „Freyja verður mikil og góð viðbót við björgunargetu Landhelgisgæslunnar og mikilvægur hlekkur í almannavarnakeðju landsins,“ segir Einar. ■

Kristján varði sig sjálfur og fékk fimmtán mánaða dóm

Mál Kristjáns Más Guðnasonar vegna umferðarlagabrots var tekið fyrir í Héraðsdómi Suðurlands 28. október þar sem hann flutti málið sjálfur, án verjanda.

ingunnlara@frettabladid.is

DÓMSMÁL „Ég réttlæti ekki á neinn hátt mín brot og auðvitað er það algjörlega fráleitt að hafa þetta á bakinu,“ segir Kristján Már Guðnason, sem var á dögum dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot.

Kristján var ákærður fyrir að hafa ekið bíl sínum eftir tveimur vegum, Hlíðarvegi og Vallarbraut á Hvolsvelli, eftir að hafa verið sviptur ökuréttindum. Hann jataði skýlaust brotið, ákvað að fara fyrir dómara án lögmanns og átti sannarlega ekki von á því að fá á sig 15 mánaða fangelsisdóm, enda eru slíkir dómar óalgengir í málum sem varða umferðarlagabrot.

Í dómnum kemur fram að Kristján hafi áður þurft að sæta refsingu vegna aksturs án ökuréttinda, síðast með dómi Landsréttar í október þar sem hann fékk einnig 15 mánaða fangelsisdóm.

Dómari taldi ekki tilefni til að gera dóminn skilorðsbundinn vegna þess að brotið var framið fyrir uppkvaðningu dómsins í Landsrétti.

„Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði. Með vísan til dómvenju sem og að virtum sakaferli ákærða þykja ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna,“ segir í dómnum.

Kristján segist ætla að áfrýja dómnum og ráðfæra sig við lögfræðing í þetta sinn. Segir hann algjöran óþarfa að fylla fangelsin af mönnum sem stelast út í búð á bílnum, sérstaklega í ljósi plássleysis.

„Þetta var hálf kjánalegt. Maður



Kristján Már Guðnason ætlar að ráða sér lögmann fyrir áfrýjunina.
MYND/ADSEND

hefur ekkert vit á þessu,“ segir Kristján um þá ákvörðun að flytja málið sjálfur í héraðsdómi.

„Það er ekki aftur snúið en ég er þakklátur fyrir að geta sagt það að ég hafi ekki valdið neinum skaða eða slysum á þessum ferli,“ undirskar Kristján sem kveður dóminn „algjörlega út úr kortinu“. Hann hafi ekki einu sinni verið tekinn fyrir ölvunarakstur og aldrei lent í slysi.

„Ég var í raun stoppaður fyrir að kíkja út í búð. Á sama tíma er bara slegið á puttann á kynferðisbrota mönnum sem fremja endurtekin brot.“

Segist Kristján vilja nýta sinn ófagra feril, sem nær mörg ár aftur í tímann, til forvarna.

„Auðvitað á þetta að vera refsivert en það mætti líka taka inn í dæmið að það hjálpi kannski ekki alltaf að refsa mönnum og fangelsa þá. Það mætti heldur reyna að komast að því hvað sé að valda því að einstaklingur brjóti trekk í trekk af sér á sama hátt,“ segir Kristján sem sjálfur hefur sínar kenningar um þetta atriði.

„Ég vil meina að það sé oftar en ekki rötleysi, vonleysi eða kvíði. Kannski veit einstaklingur ekki hvert eða hvernig hann á að leita sér aðstoðar eða finnst það niðurlægjandi. Ég er mikið að skoða alla þessa hluti þessa dagana, sérstaklega hvað varðar mín mál,“ segir Kristján um stöðu sína. ■

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við í lúguna

9-22
OPIÐ ALLA DAGA



Recharge yourself



Klassískur glæsileiki og fullkomin tækni framtíðarinnar.

ENNEEM / SIA / NM007547

Byrjaðu rafmagnað líf með MG!

100% rafdrifnir eða Plug-in Hybrid. Allir státa þeir af afgerandi og sportlegu útliti og rúmgóðu innanrými með hugvitsamlegum búnaði sem gerir þér auðvelt fyrir að setjast inn og aka af stað. Slakaðu á í þægilegum sætum á meðan snjalltæknin tryggir ánægjulegan akstur.

MG var á undan sinni samtið þegar hann leit fyrst dagsins ljós í Morris Garages árið 1924. Þetta fornfræga vörumerki hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga fyrir nýja kynslóð.

Komdu og reynsluaktu!

mgmotor.is 7 ára ábyrgð!

MG EHS Plug-in Hybrid.
Verð frá: 5.190.000 kr.

MG MARVEL R 100% rafdrifinn, fjórhjóladrifinn.
Verð frá: 6.999.000 kr.

MG ZS EV 100% rafdrifinn.
Verð frá: 4.090.000 kr.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Þýskur lyfjarisi í hart við íslenskt fyrirtæki fyrir dómstólum

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Þýski lyfjarisinn Bayer hefur fengið lögbann á samheitalyf íslenska lyfjafyrirtækisins Williams & Halls og var staðfestingarmál tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni. Williams & Halls setti hjartalýfið Rivaroxaban, samheitalyf Xarelto, á markað í byrjun árs en lögbann var sett á í sumar.

„Við náðum að stöðva þetta í byrjun júní. Krafa Bayer er að einkaleyfið gildi hér á landi,“ segir Árni Vil-

hjálmsson, lögmaður Bayer. „Verði lögbannið staðfest er bótaréttur væntanlega til staðar fyrir Bayer.“

Málið er þó ekki komið á það stig að verið sé að reikna út upphæðir bóta. Er málið nokkur nýlunda því þetta er í fyrsta skipti sem lögbann er lagt á samheitalyf hér á landi.

Bitbeinið í málinu er svokallað ábendingareinkaleyfi, til þess að auka við 25 ára grunneinkaleyfi. Slíkt einkaleyfi fékk Bayer hjá EPO, Einkaleyfastofnun Evrópu, árið 2015, en það var afturkallað árið

”

Augljóslega er gífurlegur munur á milli Bayer og Williams & Halls og um mjög svo ójafnan leik að ræða.

Torfi Rafn Halldórsson, rekstrarstjóri Williams & Halls

2018. Áfrýjunarmál þess efnis er í áfrýjunarferli. Bayer fékk hins vegar ekki grunneinkaleyfi hér.

Torfi Rafn Halldórsson, rekstrarstjóri Williams & Halls, segist líta svo á að ekkert einkaleyfi sé í gildi hér þar sem búið sé að afturkalla það eina sem máli skipti, þrátt fyrir að tæknilega sé ekki búið að staðfesta afturköllunina vegna áfrýjunarmálsins. Krafan sé að heimilt verði að selja Rivaroxaban.

„Augljóslega er gífurlegur munur á milli Bayer og Williams & Halls og

um mjög svo ójafnan leik að ræða,“ segir Torfi. „Við vinnum gríðarlega mikið með Landspítalanum við að útvega þeim lyf sem mörg alþjóðleg stórfyrirtæki hafa gefist upp á að selja hér á landi vegna smæðar markaðarins.“

Í fyrirtöku hjá EPO virðist hins vegar sem ábendingareinkaleyfið verði virkjað að nýju. Torfi segir að það að Bayer framlengi einkaleyfi sitt til 2026 þýði að þeirra mati að ríkið þurfi að borga 700 milljónir aukalega til Bayer. ■



Meira inn en út. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Viðskiptahallinn yfir tólf milljarðar

benediktboas@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Vöruviðskiptin í október voru óhagstæð um 12,5 milljarða króna. Fluttar voru út vörur fyrir 73 milljarða króna í október en inn fyrir 85,5 milljarða samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í gær.

Þar kemur fram að til samanburðar voru vöruviðskiptin óhagstæð um 9,5 milljarða króna í október í fyrra. Vöruskiptajöfnuðurinn í október 2021 var því 3 milljörðum óhagstæðari en á sama tíma fyrir ári. Vöruskiptajöfnuður síðustu tólf mánaða var óhagstæður um 210,6 milljarða króna. ■

Myglan kallar á fleiri starfsdaga

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Hlynur Jónsson, starfandi skólastjóri Myllubakkaskóla, sendi bréf til Fræðsluráðs Reykjanesbæjar í vikunni vegna myglunnar sem fannst í skólanum.

Vill hann að 15. og 16. nóvember verði aukastarfsdagar til að koma skólastarfseminni fyrir á nýjum stað og skólanum í starfhæft ástand. Var beiðni hans samþykkt.

Fræðsluráð harmar þá stöðu sem komin er upp í Myllubakkaskóla samkvæmt bókun ráðsins. ■

Lagaumgjörð um öryggisdeild gölluð

Umboðsmaður lýsir dapurlegri aðstöðu á öryggisdeild Litla-Hrauns í nýrri skýrslu. Vistun á deildinni má mögulega jafna til einangrunar. Mál um vistun Annþórs Karlssonar á deildinni bíður meðferðar í Strassborg.

adalheidur@frettabladid.is

FANGELSISMÁL Umboðsmaður Alþingis telur lagalega umgjörð vistunar á öryggisdeild Litla-Hrauns ekki endurspeglja þann raunveruleika að hún geti í reynd falið í sér einangrun fanga sem þar vistast.

Samkvæmt lögum má aðskilja fanga frá öðrum föngum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, þó ekki lengur en 24 tíma. Einnig er heimilt að beita einangrunarvist vegna alvarlegra eða ítrekaðra agabrota í allt að fimmtán daga.

Í nýútkominni skýrslu Umboðsmanns Alþingis, í kjölfar sérstakrar OPCAT-eftirlitsheimsóknar í öryggisdeild fangelsisins, kemur fram að dæmi séu um að fangi hafi dvalið einn á öryggisdeildinni í þrjá mánuði sem er hámarkstími vistunar á deildinni í einu. Umboðsmaður leggur áherslu á að leggja þurfi mat á hvort vistun á öryggisdeild megi jafna til einangrunarvistar.

Umboðsmaður hefur áður bent á það að í lögum um fullnustu refsinga sé ekki að finna ákvæði um framkvæmd vistunar á öryggisdeild. Þótt ákvæði um öryggisdeildina hafi verið sett í reglugerð, sem taki að hluta til á þeim atriðum sem umboðsmaður telur nauðsynlegt að reglur gildi um, ítrekar hann við dómsmálaráðherra að kanna hvort ástæða sé til þess að vistun fanga á öryggisdeild verði búin ítarlegri umgjörð í lögum.

Í skýrslunni er aðbúnaði á öryggis-



„Útisvæðið er alveg autt. Þar eru engin úti-húsgögn eða æfingatæki og ekkert útsýni. Málningin á veggjunum er flögnuð og ryðtaumar úr hurðum og gluggum,“ segir í skýrslunni.

MYND/
UMBOÐSMAÐUR
ALÞINGIS



Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis

iseildinni lýst sem mjög fábrotnum. Lítið sé við að vera og bæta þurfi aðbúnað í klefum með tilliti til öryggis og finna jafnvægi milli öryggis- og betrunarsjónarmiða.

Sérstaklega er fjallað um útisvæði öryggisgangsins. Það sé óvistlegt og fráhrindandi. „Útisvæðið er alveg autt. Þar eru engin úti-húsgögn eða æfingatæki og ekkert útsýni. Málningin á veggjunum er flögnuð og ryðtaumar úr hurðum og gluggum,“ segir í skýrslu umboðsmanns.

Huga þurfi að einu og öðru í tengslum við nám, vinnu, útivist og líkamsrækt og leita leiða til að stemma stigu við neikvæðum afleiðingum félagslegrar einangrunar fanga sem vistaðir eru á deildinni.

Starfsfólk og stoðþjónustuaðilar telja aðbúnað eitt helsta vanda málið á öryggisdeildinni. Aðstaðan auki á íþyngjandi eðli vistunarinnar og hafi áhrif á allt sem þar er gert og ekki gert.

Takmörkuð nýting á útivistarsvæði stafi einkum af aðstöðuleysi. Þá kemur fram að vilji fangar nýta sér íþróttaaðstöðu þurfi þeir að ganga einir yfir fangelsisgarðinn, svokallaða skammargöngu (e. walk of shame), meðan aðrir fangar geti fylgst með úti í glugga. Þetta geti haft áhrif á hvort þeir nýti sér aðstöðuna en aðstöðuleysið í sameiginlega rýminu geti orðið til þess

að fangar verji mestum tíma dags inni í klefa.

Í skýrslunni er vikið að fyrirhuguðum endurbótum á fangelsinu og bindur starfsfólkið vonir við þær í þessu sambandi.

Ríkið var nýverið sýknað af bótakröfum Annþórs Karlssonar og Barkar Birgissonar sem báðir voru vistaðir mánuðum saman á öryggisdeildinni á Litla-Hrauni meðan þeir lágu undir grun um að hafa orðið valdir að dauða samfanga síns. Niðurstaða dómstóla í málum þeirra er að langvarandi vistun þeirra á öryggisdeildinni hafi verið lögmæt. Annþóri var nýverið sýnjað um áfrýjunarleyfi í Hæstarétti og hefur máli hans nú verið vísað til Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem það bíður meðferðar. Þetta staðfestir Þórhallur Haukur Þorvaldsson, lögmaður Annþórs. ■

 Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Lífeyrisgreiðslur hækka

Við skilum góðum árangri til sjóðfélaga og hækkuðum mánaðarlegar greiðslur til lífeyrisþega um 10%.

—
live.is



Ítölsk parma skinka
12, 18, og 20 mánaða

Verð frá
999 kr/pk

Gerðu vel við þig um helgina

HAGKAUP

Tilboð gilda út 7. nóvember



Kjúklingalundir
Verð áður 2.699

2.159 kr/kg



Íslenskar
nautalundir
Verð áður 7.999

6.799 kr/kg



Kjúklingaleggir
Verð áður 1.099

769 kr/kg



Ficacci ferskar
ólífur frá Ítalíu

Verð frá **429** kr/pk



Filotea Le Matassine
Hágæða ítalskt pasta

599 kr/pk



Spennandi vegan
vörur frá Gardein

Verð frá **949** kr/pk

Stjórnarskránni ekki ætlað að standa vörð um óheiðarleika

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Sigurður Hreinn Sigurðsson, sem situr í stjórn Stjórnarskrárfélagsins, segir í kæruforskið til undirbúningskjörnefndar Alþingis að mikilvægt sé að umræða verði um stöðu Birgis Þórarinssonar þingmanns eftir að Birgir fór úr Miðflokknum yfir í Sjálfstæðisflokkinn. Fréttablaðið hefur greint frá því að Inga Sæland, þingmaður Flokks fólksins, telji stöðu Birgis sem þingmanns óljósa þar sem Birgir hafi ekki verið kominn með samþykkt kjörbréf frá Alþingi þegar hann

flakkaði á milli flokkanna. Inga situr í undirbúningskjörbréfanefnd. Í kæruforskið til nefndarinnar segir að það þurfi að taka afstöðu til þess hvort nýkjörnum þingmönnum sé stætt á að skipta um flokk að loknum kosningum, áður en þingsetning fer fram. Í kæruforskið kemur fram að um sjálfstæði alþingismanna samantar 48. grein stjórnskipunarlaga nr. 33/1944 í gildandi stjórnarskrá sem og í tillögum stjórnlagaráðs segi að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína en ekki við neinar reglur frá kjósendum sínum



Inga Sæland



Birgir Þórarinsson

eða fyrirmæli frá öðrum. Mál Birgis er hins vegar fordæmalaust, að sögn Ingu Sæland, þar sem Birgir var ekki kominn með gilt kjörbréf þegar hann flutti sig. „Það stenst vart siðferðislegar kröfur að villa um fyrir kjósendum

með því að bjóða sig fram fyrir tiltekinn stjórnmalaflokk en vera í raun í framboði fyrir annan ótiltekinn flokk“, segir Sigurður í kæruforskið. „Kjörbréfanefnd þyrfti mögulega að taka afstöðu til þess hvort að 48. grein gildandi stjórnarskrár

eigi við um nýkjörna þingmenn sem Alþingi hefur enn ekki staðfest kjörbréf fyrir“, bætir hann við. Hann segir að gildi ákvæðisins afmarkist ef til vill aðeins við þann tíma sem þingmönnum sé heimilt að taka þátt í þingstörfum og Alþingi sé að störfum. „Það breytir þó ekki því að tilgangur stjórnarskrárákvæðisins er klárlega ekki sá að standa vörð um óheiðarleika frambjóðenda í alþingiskosningum“, segir Sigurður. Birgir Þórarinsson svaraði ekki skilaboðum þegar leitað var sjónarmiða hans vegna kærunnar. ■



Rafbíll hlaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Næstminnstur útblástur á Íslandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Útblástur nýrra bíla á Íslandi var 80,2 grömm á kílómetra í fyrra. Er það næstlægsta hlutfallið í Evrópu samkvæmt ACEA-bílfraleiðendasamtökunum. Minnkunin á Íslandi er einnig sú næstmínsta í álfunni, 29,8 prósent miðað við árið 2019. Í Noregi er útblásturinn aðeins 38,2 grömm og hefur lækkað um 36,2 prósent. Meðaltal á EES-svæðinu auk Bretlands er 107,8 grömm. ■

Lýðháskólinn vill fjórtán smáibúðir

kristinnpall@frettabladid.is

VESTFIRÐIR Lýðháskólinn á Flateyri vill byggja nemendagarða með fjórtán litlum stúdíóbúðum á lóð sem skilgreind er fyrir þjónustuhús á tveimur hæðum. Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðar tók vel í tillöguna en benti á að bóða þyrfti eftir að lóðin yrði auglýst. Samhliða óskar lýðháskólinn eftir leyfi fyrir breytingu á deiliskipulagi Flateyrar til að aðlagða lóðina nemendagörðunum. ■

Reykvískum stormum fer fækkandi

Það eru ekki aðeins breytingar í veðri heldur á líka mælitækjum, aukinn gróður og þétting byggðar sem valda því að minni vindstyrkur mælist í höfuðborginni.


bth@frettabladid.is

VEÐUR Margir kvíða vetrarnæðingi fram undan en vindstyrkur hefur mikil áhrif á kulda. Góðu fréttirnar, að sögn veðurfarsfræðinga, eru að vind hefur lægt nokkuð á höfuðborgarsvæðinu undanfarnin ár. Einkum á sumum svæðum vegna húsbýgginga og aukins gróðurs. Vindmælingar Veðurstofunnar sýna að árið 2020 minnkaði vindur um heil 20 prósent. Orsökina var þó ekki himneskt dúnalogn þá 365 dagana heldur nýr vindmælir. Kristín Björg Ólafsdóttir er veðurfarsfræðingur á Veðurstofu Íslands. Hún segir að þegar vindmælingar frá Reykjavík séu skoðaðar yfir lengri tíma megi sjá að mældur vindhraði hafi sannarlega minnkað. „Það er stórt brot í mæliröðinni árið 2000, en þá var skipt um vindhraðamæli. Gömlum skálamæli var skipt út fyrir sjálfvirkan vindhraðamæli. Mikill munur er á þessum mælum og lækkaði vindhraðinn um rúmlega einn metra á sekúndu eða um tuttugu prósent“, segir Kristín Björg. Mælar, eins og sá sem var tekinn í notkun árið 2000, eru nú notaðir á öllu landinu. Þeir eru mun betri að sögn Kristínar Bjargar. Sá gamli hafi í raun ofmetið vindinn. „Þessi mælaskipti útskýra að mestu leyti hvers vegna vindhraðinn í Reykjavík hefur minnkað. Meðalvindhraði getur verið breytilegur eftir árum hér á landi og svo koma ár eða tímabil þar sem vindhraðinn



Margt mun geta skýrt minni vind samkvæmt mælingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meðalvindhraði hvers árs í Reykjavík 1949 til 2020



Kristín Björg Ólafsdóttir, sérfræðingur á sviði veðurfarsrannsókna

er meiri en vanalega og svo öfugt“, segir Kristín Björg. Veðurfarsfræðingurinn segir mjög erfitt að bera saman ólík tímabil og leggja mat á breytileika vegna mikillar ósamfelli í athugunum, breytinga á gróðri og byggingum í kringum einstaka veðurstöðvar. Flutningur á veðurstöð hafi til að mynda oft mikil áhrif. „Árið 1973 voru mælingarnar hér í Reykjavík fluttar frá Reykjavíkurflugvelli yfir á Bústaðavegin þar sem Veðurstofan er nú. Vindhraðinn mælist minni á Bústaðaveginum heldur en á flugvælinum“, segir Kristín Björg. „Fyrir utan áður nefnda þætti má sjá langtíma leitni niður á við í vindmælingum í Reykjavík sem má að öllum líkindum rekja til aukins gróðurs og bygginga á svæðinu í kringum Veðurstofuna.“ Í bloggi Trausta Jónssonar um meðalvindhraða í Reykjavík segir að staðsetningar og mælitæki hafa haft mikil áhrif á vindmælingar. Stormum hafi þó sannarlega fækkad, það er að segja fjölda daga á ári þegar vindhraði fer að minnsta kosti einu sinni, í 10 mínútur, yfir tuttugu metra á sekúndu. Mælaskipti og tæknibreytingar eigi hlut að máli en önnur undirliggjandi fækkun eigi sér einnig stað. „Tengist hún nær örugglega þéttingu byggðar og trjávexti í borginni“, segir Trausti. ■

Glænýtt verk frá Hundi í óskilum

Frumskýning í kvöld

Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is



FORSÝNUM NÝJAN
100% RAFKNÚINN LÚXUS JEPPLING,
LAUGARDAGINN 6. NÓVEMBER FRÁ KL. 12-16

AIWAYS U5 ER Á FRÁBÆRU VERÐI,
FRÁ KR. 5.190.000



SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN
OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN 100% RAFKNÚINN AIWAYS U5.
LÉTTAR VEITINGAR Í BODI!

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100





Víknaslóðir eru göngusvæði sem engan svíkur. MYND/FERDAFÉLAGIÐ

Skrúfað fyrir fé til Víknaslóða

benediktboas@frettabladid.is

AUSTURLAND Heimastjórn Borgarfjarðar eystri harmar þá ákvörðun umhverfisráðuneytisins að leggja verkefninu Landvörslu á Víknaslóðum ekki til fjármagn líkt og verið hefur. Í fundargerð stjórnarinnar segir að ánægja og sátt hafi ríkt með verkefnið og miður yrði að ljúka því. Víknaslóðir eru rómað gönguland með fallegum fjörðum, líparitfjöllum og fallegri fjallasýn. Ferðafélag Fljótsháðs óskaði út af þessu eftir styrk frá heima-stjórninni. Vegna ákvörðunar ráðuneytisins þarf frekari fjármögnun verkefnisins frá sveitarfélaginu. Stjórnin segir edlilegt að sveitarfélagið komi að verkefninu og beinir því til byggðarráðs að finna því stað í fjárhagsáætlun. ■

Tekjur af fiskeldi yfir 30 milljarða

benediktboas@frettabladid.is

FISKELDI Á fyrstu tíu mánuðum ársins er útflutningsverðmæti eldisafurða komið í 30,5 milljarða króna sem er um 35 prósentu aukning frá sama tímabili í fyrra á föstu gengi. Útflutningsverðmæti eldisafurða á fyrstu tíu mánuðum ársins er nú þegar orðið meira en það var í fyrra – sem þó var metár. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Í október voru fluttar út eldisafurðir fyrir um 3,5 milljarða króna. Útflutningsverðmæti eldisafurða nemur 5 prósentum af heildarverðmæti vöruútflutnings samkvæmt tölum Hagstofunnar en tæpum 13 prósentum af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Aldrei áður hafa hlutföllin verið hærri. ■

Slæm líðan barna eykur líkur á neyslu vímuefna

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Ungmennni sem upplifa slakari tengsl við foreldra sína eru tvöfalt líklegri en þau sem eru í góðum tengslum við foreldra til að prófa bæði áfengi og kannabis. Þetta sýna niðurstöður nýrrar rannsóknar sem unnin var á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor við HÍ, stýrði rannsókninni ásamt Ársæli Arnarssyni prófessor. Ragný segir að ef börnum liði illa og þau upplifi oft sálíkamleg ein-

kenni, eins og höfuðverki, magaverki, bakverki, depurð, pírring, kvíða, svefnörðugleika og svima, auki það líkur á neyslu vímuefna. Jafnvel þótt börnin séu í góðum tengslum við foreldra. Rannsóknin sem um ræðir var lögð fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla. Ragný sem vinnur að fleiri rannsóknum á þessu sviði bendir á að ungmenni sem nota vímuefni og hafa ýmist alist upp við erfið tengsl við fjölskyldu eða andlega vanlíðan tali um neysluna sem bjargráð frá slæmri líðan.



Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor við HÍ

„Við erum alltaf að tala um þennan almenna hóp og tökum skólakannanir en gleymum því að krakkarnir sem eru í viðkvæmasta hópnum og búa oft við fjölpættan

vanda eru í mestri hættu á að þróa með sér vímuefnavanda og alvarlegar geðraskanir. Þessi börn eru mörg döttin úr skóla strax í grunnskóla og taka ekki þátt í þessum könnunum,“ segir hún. „Okkur liður rosalega vel að segja að við séum búin að ná tökum á vímuefnaneyslu ungmenna út frá skólakönnunum en heildarvímuefnaneysla í íslensku samfélagi hefur aukist,“ segir Ragný og bætir við að aðkallandi sé að þjónusta sé í boði fyrir börn í tengslum við andlega líðan þeirra. ■

Borgin ver tugmilljörðum í viðhald

Reykjavíkurborg hyggst ráðast í umfangsmikið og kostnaðarsamt viðhald og viðgerðir á skólahúsnæði á næstu árum sem fjármagnað verður að hluta með lántöku. Áætlunin byggir á niðurstöðu víðamikillar úttekta á ástandi húsnæðis borgarinnar.

thorvardur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Oddvitar meirihlutans í Reykjavík kynntu á blaðamannafundi í gær að 25 til 30 milljörðum yrði varið til viðhalds og viðgerða á skólahúsnæði á næstu fimm til sjö árum. Áætlunin byggir á um tveggja ára langri ástandsúttekt á öllu skólahúsnæði borgarinnar sem telur 136 eignir.

Niðurstöður úttekta voru færðar inn í rafrænan gagnagrunn sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að hjálpi við að veita heildarsýn á ástand skólahúsnæðis. Eftir hrunið var skorið mikið niður í viðhaldi hjá borginni og segir Dagur tíma til kominn að ráðast í þetta stóra verkefni.

„Við erum með þessu að gefa þau skiru skilaboð að þetta sé forgangsmál í borginni á næstu árum,“ segir borgarstjóri og að staðan verði metin árlega. Hann segir Reykjavíkurborg tilbúna að aðstoða önnur sveitarfélög við að koma á sama verklagi og borgin er með, enda glími mörg önnur sveitarfélög við sambærilegan viðhaldsvanda.

„Þetta verður fjármagnað út úr rekstri að hluta, sumt viðhald er rekstur en meiri háttar endurbætur eru hluti af fjárfestingaráætlun. Hún er að hluta til tekin að láni en við teljum að þeim peningum sé skynsamlega varið því við erum fyrir vikið að fá byggingar sem



Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir að kostnaðurinn verði á bilinu 25 til 30 milljarðar króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Við erum með þessu að gefa þau skýru skilaboð að þetta sé forgangsmál í borginni á næstu árum.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

standast betur álagið,“ segir hann. Tryggja þurfi að húsnæði borgarinnar standist allar þær kröfur sem til þess eru gerðar.


Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, segir að sá lærdómur hafi verið dreginn af hruninu að hið opinbera verði að fjárfesta riflega þegar aðstæður versna í efnahagslífinu líkt og í Covid-faraldrinum. Niðurskurðurinn eftir hrunið sé ein ástæða þess að ástand húsnæðis hafi versnað til muna.

„Það er alveg ljóst að ef þú sinnir ekki viðhaldi og passar ekki upp á að hlutirnir séu gerðir reglulega og fyrir fram, áður en þeir verða slæmir, þá verður reikningurinn enn stærri fyrir vikið,“ segir Dóra Björt. Borgin hafi á undanförnum árum lagt meira fé í viðhald og nú

sé svigrúm til að bæta enn meira í.

Dóra Björt bendir á að fjármagnið fari ekki allt í viðhald, þó að það sé stærsti þátturinn. Fjármagni verði einnig ráðstafað í uppfærslu á húsnæði, viðbyggingar og viðbætur, auk þess til að bæta aðgengi að skólahúsnæði sem er víða ábótavant í eldra húsnæði borgarinnar.

Eypór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokks, segir löngu tímabært að taka viðhaldsmál föstum tökum en tekur fram að áætlunin muni aðallega koma til framkvæmda á næsta kjörtímabili. „Við erum búin sjá það að vanræksla á viðhaldi hjá borginni hefur verið dýrkeypt eins og í dæmi Fossvogsskóla og víðar,“ segir hann. Sams konar átaks sé þörf fyrir félagslegt húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar að sögn Eypórs. ■



★★★★★

RB / MBL

„Kraftmikið og marglaga verk.“

PSH / FBL

Frjó og áleitin ljóðabók eftir Þórdísi Helgadóttur, höfund Keisaramörgæsa.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–17



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Mikilvægt neyðarkall til þín!

Tökum vel á móti sjálfboðaliðum
næstu daga, svörum neyðarkallinu
og stuðlum þannig að eigin öryggi.



Neyðarkall þessa árs tengist átaki okkur
í eflingu sjóbjörgunar og endurnýjun
björgunarskipa félagsins um allt land.

Heimastjórnarfólk vill fá togarasjómenn út úr Skápnnum

kristinnpall@frettabladid.is

FISKVEIDAR Heimastjórn Borgarfjarðar eystri bókaði á dögunum áskorun til ráðherra sjávarútvegs mála um að rannsaka hver áhrif lokunar Skápsins fyrir togaraveiðum reyndust og hvort rökrétt væri að loka svæðinu til lengri tíma. Í bókuninni kemur fram að heimastjórnin telur augljóst að áhrif lokunarinnar hafi verið jákvæð þar sem aflabrogð voru

betri en undanfarin ár og bátar þurftu ekki að sækja út fyrir heima-mið sín.

Fyrr á árinu fjallaði Fréttablaðið um hugmyndir heimastjórnarinnar um að Skápnnum, fengsælasta handfæraveiðisvæðinu á staðnum, yrði lokað fyrir togveiðum. Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra bannaði togveiðar þar í sumar. Nú vill heimastjórnin að áhrif þess verði rannsökuð og skoðað að bannið verði varanlegt.



Heimamenn voru ánægðir með áhrif lokunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Það eru vísbendingar um að þetta hafi verið gríðarlega jákvætt fyrir okkur. Það voru góð aflabrogð og auðveldara að sækja sjóinn fyrir litlu bátana enda ekki þörf á að fara jafn langt ef heimamiðin eru laus,“ segir Eyþór Stefánsson, formaður heimastjórnarinnar.

„Hér áður þurftu litlu bátarnir yfirleitt að fara lengra út til að komast í veiði. Þetta gaf um leið minni bátunum færi á að róa út þegar dagurinn var stuttur. Þetta

gæti breytt landslagi minni báta til frambúðar.“

Eyþór segir að kanna þurfi hvort jákvæðu áhrifin séu ekki raunveruleg með því að bera saman gögn um raunverulegan afla togaranna og sjá um leið hvort það hafi áhrif á þá að veiða fyrir utan svæðisins.

„Þetta gæti staðfest það sem okkur grunar, að þessi lokun hafi jákvæð áhrif fyrir okkur en sé um leið engin skerðing fyrir togarana,“ segir Eyþór Stefánsson. ■

Smitveislur fyrir börn í Noregi

birnadrofn@frettabladid.is

NOREGUR „Sveitarfélaginu er vel kunnugt um sögusagnir um að fyrirhugaðar séu „smitveislur“ fyrir börn og ungmenni. Við bregðumst hart við því,“ segir Benny Østerbye Hansen, bæjaryfirlæknir í Gloppen í Vestur-Noregi, en borið hefur á því að foreldrar í bænum skipuleggi svo kallaðar smitveislur fyrir börn sín með það að markmiði að þau smitist af Covid-19.

Í gegnum tíðina hefur það tíðkast að foreldrar skipuleggi slíkar veislur fyrir börn sín til að þau smitist af sjúkdómum svo sem hlaupabólu, mislingum og rauðum hundum, en ekki Covid.

Hansen segir málið alvarlegt, smitveislur geti leitt til mikillar aukningar á smiti sem geti valdið því að ekki sé hægt að reka skóla, leikskóla og heilbrigðisþjónustu sem skyldi. ■



Moncef Marzouki, forseti Túnis frá 2011 til 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vilja handtaka Moncef Marzouki

thorgrimur@frettabladid.is

TÚNIS Ríkisstjórn Túnis hefur gefið út alþjóðlega handtökuskipun á Moncef Marzouki, fyrrverandi forseta landsins. Marzouki hefur að undanförnu gagnrýnt núverandi forseta, Kais Saied, og biðlaði í október til Frakklands um að hætta stuðningi við ríkisstjórn hans.

Kais Saied leysti upp túníska þingið í júlí síðastliðnum og tók framkvæmdavaldið í eigin hendur. Andstæðingar hans hafa sakað hann um að fremja valdarán og um að stefna brothættu lýðræði landsins í hættu með framgöngu sinni. Marzouki, sem varð forseti eftir túnísku byltinguna 2011, er meðal þeirra sem óttast að útspil Saied marki endurkomu einræðis í Túnis.

Í handtökuskipuninni er ekki tekið fram hvaða glæp Marzouki á að hafa framið. Í síðasta mánuði hafði Saied skipað rannsókn á því hvort Marzouki hefði grafið undan þjóðaröryggi landsins. ■

Flytja þjónustu farteyma út í hverfin

Þjónusta tveggja farteyma sem eru úrræði fyrir börn með alvarlegan fjölbættan vanda flyst í þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Teymin starfa nú á tveimur starfsstöðvum en verður skipt upp og þau hittast í stað þess reglulega á teymisfundum.

lovisa@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Í Reykjavík hafa frá því árið 2018 verið starfandi tvö far-teymi sem eru úrræði fyrir börn í grunnskólakerfinu með alvarlegan fjölbættan vanda. Teymunum hefur hingað til verið skipt í austur og vestur en nú verður þeim breytt þannig að fulltrúi frá þeim verður staðsettur á hverri þjónustumiðstöð og þannig færast þjónustan nær börnunum og íbúum borgarinnar.

Stofnun teymanna má rekja til bókunar 1 í kjarasamningi grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að finna leiðir til að létta álagi af kennurum. Mikil aðsókn hefur verið í þjónustu farteymanna frá upphafi og hefur það aukist með árunum.

„Með þróunarverkefninu Betri borg fyrir börn færast teymin á hverfahlutana, eða inn á þjónustumiðstöðvarnar,“ segir Lína Dögg Ásgeirsdóttir, teymisstjóri far-teymis Vestur, sem starfrækt er í Vesturbæjarskóla eins og er. Hitt teymið, Austur, er með aðsetur í Hamraskóla og er deildarstjóri þar Guðrún Björk Freysteinsdóttir.

„Þegar þetta breytist verðum við hluti af skólateymi þjónustumiðstöðvanna og bætumst við þann hóp fagaðila sem er þar þá þegar,“ segir Lína Dögg.

Innan hvors teymis starfa fjölmargir ólíkir sérfræðingar en það á ekki að skipta máli á hvaða borði mál lendir því að málin eru alltaf unnin í samvinnu.

„Við vinnum alltaf þvert á borgina. Núna erum við austur og vestur en það hefur alveg verið þannig að manneskja úr teyminu í austur vinnur með í einhverju máli sem er í vesturhluta. Þannig er hægt að velja þá sem henta best í teymi hvers barns,“ segir hún.



Þjónusta við börn með fjölbættan vanda færist út í hverfin og nær börnunum sjálfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Það er ótrúlega mikill kostur að vera í þverfaglegu teymi.



Lína Dögg Ásgeirsdóttir, teymisstjóri far-teymis Vestur

Lína Dögg segir að það valdi þeim eðlilega áhyggjum að vera ekki öll saman lengur á hverjum degi en að þau muni reglulega hittast á málafundum þannig að það ætti ekki að skipta höfuðmáli. Auk þess verða teymin nú hluti af skólateymi á þjónustumiðstöð og hafa þar með aðgengi að fleiri sérfræðingum og hægt sé að vinna málin þéttar saman.

„En það fer ótrúlega mikil speglun fram í rýminu okkar og þó svo að það séu ekki allir að vinna að sama málinu þá geta þeir utan þess komið með vandaðar ráðleggingar. Við vinnum ótrúlega þétt saman og leitum til hvert annars. Kennsluráðgjafinn getur verið með hugmyndir sem að sálfræðingurinn er ekki endilega með. Það er ótrúlega mikill kostur að vera í þverfaglegu teymi því þá er hægt að skoða málin frá ólíkum vinklum,“ segir Lína Dögg.

Hún segir að þrátt fyrir þessar áhyggjur séu kostir þess að fara inn í hverfin mjög miklir. Þegar þau eru komin þangað fari þau inn í skólateymi hvers hverfis og þá séu þau í meiri samvinnu við fjölda annarra faghópa sem þar starfa, svo sem félagsráðgjafa, sálfræðinga, hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga.

„Við vinnum mikið með þjónustumiðstöðvunum og það er nánast undantekningarlaust aðili frá þjónustumiðstöðinni í hverju teymi sem situr alla teymisfundi,“ segir Lína Dögg.

Innan farteymanna tveggja starfa kennsluráðgjafar, sálfræðingur, fjölskyldufræðingar, tómtunda- og félagsmálafræðingur, uppeldis- og menntunarfræðingur og auk þess eru einhverjir með grunn í sálfræði og eða félagsráðgjöf. Í teymi hvers barns er svo valið eftir þörf. ■

Ísland eitt sex landa án umframdauðsfalla

kristinnhaukur@frettabladid.is

COVID-19 Rúmar 28 milljónir umframdauðsfalla urðu í 31 ríku og í meðallagi ríku landi árið 2020. Í sex löndum, Íslandi þar á meðal, urðu ekki umframdauðsföll.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn British Medical Journal sem náði til 37 landa en umframdauðsföll, það er þau dauðsföll sem eru umfram meðalfjölda dauðsfalla á hverjum stað og tíma, eru talin góð leið til þess að finna bæði bein og

óbein dauðsföll vegna faraldursins.

Auk Íslands var fjöldi dauðsfalla í Danmörku og Suður-Kóreu innan þeirra marka sem búast mátti við. Í Noregi, Nýja-Sjálandi og Tævan urðu færri dauðsföll en búast mátti við.

Þetta eru einmitt allt lönd sem vakið hafa athygli vegna viðbragða þeirra við heimsfaraldrinum og í rannsókninni er það talin ástæðan fyrir árangrinum.

Á Íslandi var helsta breytingin að í elsta aldurshópnum, eldri en 80

ára, voru dauðsföll aðeins færri en búast mátti við.

Hæsta hlutfall umframdauðsfalla var í Rússlandi, þá í Bandaríkjunum og Búlgaríu. Í Búlgaríu voru dauðsföllin almennt hjá yngra fólki og því heildarfjöldi tapaðra lífsára mestur þar. Almennt voru umframdauðsföll fá hjá fólki undir 65 ára nema í þessum þremur löndum og Litáen.

Umframdauðsföll hjá karlmönnum voru 17,3 milljónir en 10,8 milljónir hjá konum. Eða rúmlega 60 prósent munur. ■



Tugmilljónir hafa látist vegna faraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Recharge yourself



Velkomin um borð!

MG MARVEL R PERFORMANCE
Frumsýning á morgun frá 12–16



Fágaður
Greindur
Vel tengdur

Velkomin í rými sem getur orðið þitt eigið. Þar sem hönnunin tekur mið af framtíðinni og tilveran er kraftmikil og traust. Við bjóðum þér MG Pilot með öryggi í fremstu röð, áreiðanleika og 370 km* WLTP drægni. Við færum þér hugmyndaheim hönnunar sem snýr tæknihliðinni inn og mannlegu hliðinni út. Velkomin í 100% rafknúinn akstur án útblásturs. Velkomin í heim frelsis og ævintýra.

MG MARVEL R PERFORMANCE

100% rafdrifinn, fjórhjóladrifinn, 7 ára ábyrgð!
Verð frá: 6.999.000 kr.

mgmotor.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturálag, hlaug og ástand vegna helstu áætlaðra áhrifa á drægni rafbíla. EN15717 / SIA / INNOVATION

Dómstóllinn



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Það ætti að vera til marks um heilbriggt hugarfar að hafa þá skoðun að í öllum meginatriðum eigi einstaklingar rétt á öðru tækifæri í lífinu brjóti þeir af sér. Þessi hugsunarháttur á hins vegar ekki alveg upp á pallborðið í samtíma okkar. Metoo-byltingin var þörf en eins og iðulega gerist í byltingum þá hafa eftirköst hennar orðið alvarleg og ofsafengin og kostað mannfórnir.

Ekki er hér ætlunin að fjalla um einstök mál heldur einungis verið að nefna það augljósa, hversu stjórnlaus umræðan er orðin þegar hægt er að benda á hvern sem er og saka hann um alls konar hluti og dæma viðkomandi sekan vegna orðróms, með tilheyrandi ærumissi og jafnvel atvinnumissi. Viljum við lifa í slíku sakbendingarþjóðfélagi? Stærstur hluti þjóðarinnar vill það örugglega ekki og veit mætavel að stjórnlaus refsigleði er ekki einkenni á síðuðu samfélagi.


Nú um stundir grassera hér alls kyns hópar sem samanstanda af æstu og refsiglöðu fólki, aðallega konum, sem taka sér það vald að rétta yfir karlmönnum. Það er til marks um jafnvægisleysi þessa fólks að einn hópurinn kallar sig Ófgar – hann gæti allt eins kallað sig Ofstæki. Þetta fólk vill að þeim karlmönnum, sem það telur hafa brotið af sér gagnvart konum, sé gert að búa við eilífa útskúfun. Þá skiptir engu þótt viðkomandi hafi verið sýknaður fyrir dómstólum eða að mál viðkomandi hafi aldrei farið fyrir dómstóla. Orðrómur nægir til að hópurinn stígi fram með ásakanir og kveði upp sinn miskunnarlausu dóm. Og hver sem leyfir sér að andmæla þeim vinnubrögðum er talinn vera sorp í augum dómstóls götunnar, stimplaður sem andstyggilegur talsmaður ofbeldismenningar og sagður þjást af alvarlegri gerendameðvirkni.

Hvað er eiginlega orðið um hófstilla umræðu – á hún virkilega ekki neitt erindi lengur? Allavega fær hún ansi lítið pláss. Fjölmíðlar bera síðan sína sök, þeir eru í stöðugri leit að fyrirsögnum í upphrópunarstil og vita að það skilar sér í hagstæðum lestrartölum. Þeir mættu sannarlega sýna meiri hófstillingu, frekar en að taka þátt í æsingnum. Meðvirkni þeirra með dómstóli götunnar er allavega ekki þróun sem ástæða er til að fagna.

Ekki er skrátið þótt margir hvísli að sjálfum sér: Ég vil ekki búa í svona samfélagi. Því miður vilja ekki nógu margir segja þessi orð opinberlega af ótta við að vera úthrópaðir og fá á sig þann stimpil að styðja ofbeldismenn.

Skipta óp æsingafólksins virkilega svo miklu máli að rétt sé að skrúfa fyrir skoðun sína og sannfæringu af ótta við viðbrögð hópsins? Nei! ■

Halldór



Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

Hópsleikur á Skaganum

Snemma í heimsfaraldrinum var þeirri hugmynd velt upp að við þyrftum að „lifa með veirunni“. Að hún myndi á endanum ganga yfir allt samfélagið, það væri aðeins tímaspursmál. Eftir því sem mánuðirnir liða virðist þetta hinn óumflýjanlegi veruleiki. Skagamenn eru að minnsta kosti búnir að setta sig við þetta eins og sést á fréttum af karókipartíinu sem lokaði bænum. Með þessu partíi hafi þeir ætlað sér að flýta ferlinu því ekki er til betri leið til að dreifa veirum hratt og örugglega en slíkur hópsleikur. Eins og Disturbed kváðu um árið „Get Down With the Sickness“.

Meira um söng

Söngvarinn Þórólfur sótt- varnalæknir hefur skilað inn minnisblaði sínu til ráðherra. Við þekkjum þetta lag, þetta er gömul lumma sem við erum öll búnin að fá leið á. „Hertar reglur“ sem Svandís mun flytja í dag við litlar undirtektir. Gömlum pönkurum eins og Jóhannesi skírara finnst þetta lag alveg glatað. En mörgum öðrum finnst það gott, eða að minnsta kosti þægilegt. Eins og að stilla á Bylgjuna og heyra Jólahjól í þúsundasta skiptið. Það eru einhver huggulegheit fylgin í leiðindunum. ■

Borg í menntasókn



Skúli Helgason
formaður skóla- og frístundaráðs og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Reykjavíkurborg setur menntamál og velferð íbúa í forgang í fjárhagsáætlun sinni fyrir næsta ár. Grunnskólarnir styrkjast með nýju fjármagni sem nemur 1.546 milljónum á ári sem gerir skólunum kleift að sinna enn betur mismunandi þörfum nemenda. Fjármagn til viðhalds skólamannvirkja verður aukið og framkvæmdum flýtt. Verið er að hraða innleiðingu stafrænnar tækni í skólastarfinu til að færa nám og kennsluhætti í grunnskólum til móts við nýja tíma þar sem heimurinn er við fótiskör nemenda. Þá er aukið samstarf skóla- og velferðarsviða í verkefninu Betri borg fyrir börn með áherslu á að bæta og samþætta skóla og velferðarþjónustu sem sé veitt í nærumhverfi barnafjölskyldna.

Borgarráð samþykkti í gær tillögu borgarstjóra um að efna til samkeppni um viðbyggingu við Melaskóla sem fagnar 75 ára afmæli á árinu og umbreytingu Hagatorgs í grænan almenning- og útivistargarð fyrir íbúa og börn í leik-, grunnskólum og frístundastarfi hverfisins. Samhliða voru kynntar hugmyndir um framtíð Vörðuskóla og nærliggjandi skólahverfi og stækkun grunnskóla í Laugardal. Þá verður stefnt af stað vinna við að móta viðmið um forgangsroðun hugmynda um viðbyggingar og meiriháttar endurbætur á skólahúsnæði í borginni.

Við höfum þrefaldað fjármagn til viðhalds skólamannvirkja á undanförnum 5 árum úr 600 í 2.100 milljónir en munum nú gefa enn í. Nú liggja fyrir heildarupplýsingar um ástand skólamannvirkja sem gefur tilefni til að auka og hraða enn framkvæmdum til viðhalds þeirra. Þetta eru alls 136 skýrslur um húsnæði skóla og frístundastarfs í borginni. Á grundvelli þeirra samþykkti borgarráð í gær tillögu borgarstjóra um að varið verði 25-30 milljörðum króna í viðhald skólamannvirkja á næstu 5-7 árum, 4-5 milljörðum á hverju ári. Þetta verður eitt stærsta fjárfestingarverkefni borgarinnar og samræmist vel aðgerðahluta nýrrar menntastefnu borgarinnar þar sem sérstök áhersla er á fullnægjandi húsnæði og aðstöðu barna og starfsfólks sem helgar sig þessum mikilvæga mála-flokki. ■

Þetta verður eitt stærsta fjárfestingarverkefni borgarinnar.

HREKKJAVAKA

Opið Laugard til 20
& sunnud til 18

Hokus Pokus

hokuspokus.is

Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Mannkyn í meðferð

Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Glasgow er svolítið eins og samkoma þar sem helstu tossar heimsins eru saman komnir fyrir hönd allra annarra tossa heimsins — sem er eiginlega allt mannkynið — til þess að reyna að afsaka fyrir sjálfum sér og öðrum þá staðreynd að það sem var sett fyrir í síðustu kennslustund — allur heimalær-dómurinn sem átti að klárast — hafi fullkomlega klúðrast. Nú riður á að vera góður í afsökunum.

Ef við gefum okkur að aðalritari Sameinuðu þjóðanna, António Guterres, sé kennarinn í þessari samlíkingu, er óhætt að segja að hann hafi verið mjög vonsvikinn, eiginlega óskuillur, þegar skólinn hófst í upphafi vikunnar. Mikil plön voru gerð um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í París 2015. Þjóðir settu sér markmið. En svo leið tíminn. Þvert á hin mikilvægu markmið sýna tölurnar að útblástur gróðurhúsalofttegunda hefur aukist og virðist ekkert lát á aukningunni. Katastrófan sem hamfarahlýnunin hefur í för með sér er hafin. Mannkynið stefnir fram af hengiflugi.

Hér sannast hið fornkeðna: Það er ekkert mál að gera plön. Það eru alltaf til orð. Á meðan lífríkið stíknar, jöklar bráðna, skógar brenna og lönd sökka er alltaf hægt að henda í góða yfirlýsingu eða sáttmála, svo lengi sem lífir. Sameinuðu þjóðirnar virðast vera orðnar ágætar í þessu. Stóra málið hins vegar, og það sem skiptir öllu, er að standa við yfirlýsingarnar. Ná markmiðunum. Úr því sem komið er, og eftir allt sem hefur verið sagt, eru orð eiginlega bara bull. Þau eru runa hljóða. Það sem skiptir máli eru gjörðir.

Vitað er á þessum tímapunkti hvað þarf að gera. Mannkyn þarf að hætta að spúa koltvísýringi út í andrúmsloftið. Brennslu jarðefna-eldsneytis þarf að ljúka, bjarga þarf regnskógunum og endurreisa lífríkið. Mest aðkallandi spurningin þegar hér er komið sögu er ekki lengur hvað þarf að gera eða hvernig, heldur þessi: Af hverju gerist ekkert? Hvað hamlar?

Vissulega hefur ýmislegt gerst í viðureigninni við loftslagsvána, og er að gerast — svo bjartsýnin sé nærð — en stóru vonbrigðin réttlæta þó alhæfinguna. Stóra, allsherjarbreytingin í átt til vistvænni veraldar sem stýrir mannkyni frá hamförum er ekki að gerast. Jörðin stefnir í upp undir þriggja gráðu hlýnun. Það þýðir að hundruð milljóna manna munu hreinlega kafa.

Æ, þegiðu, hugsa eflaust einhverjir. Ég finn þann þráð í eigin brjósti. Á maður ekki að láta hverjum degi nægja sína þjáningu? Hver er ég? Eru ekki einhverjir aðrir að spá í þetta? Reddast ekki alltaf allt einhvern veginn?

Á ófyrirsjáanleikanum má hugsanlega byggja von. Kannski uppgötvast eitthvað stórkostlegt. Skammtafræði. Nanótækni. Geimverur. Áður en ákveðið verður að reida sig á kæruleysislegt ábyrgðarleysi í von um kraftaverk, er þó fullt tilefni til að kryfja þessar spurningar sem varða mannkynið sjálft og aðgerðaleysi þess gagnvart aðsteðjandi vá. Um þær ætti eiginlega loftslagsráðstefnan

í Glasgow að fjalla, ef hún gerir það ekki þegar. Hvað amar að mannkyninu? Hvað er að kerfinu, ákvarðanatökunni, nálguninni?

Í vikunni féll frá geðlæknir á háum aldri, Aaron T. Beck að nafni. Hann var faðir hugrænnar atferlismeðferðar. Um þau merku fræði er ég enginn sérfræðingur en hef þó lengi horft hýru auga til grunnsetninganna og jafnvel reynt að beita þeim á sjálfan mig í einhvers konar heimagerðri tilrauna-

sálfræði. Sumsé þetta: Hegðun manns og hugsanir hafa áhrif á líðan manns og ástand. Maður getur vanið sig á vondar hugsanir og vonda hegðun. Þá liður manni illa. Þetta þýðir að maður getur líka vanið sig á góðar hugsanir og uppbyggilegri hegðun. Þá liður manni betur.

Sparka þarf í sig. Rífa sig upp, en ekki niður. Ögra sér. Hegðun breytir hugsunum, hugsanir breyta hegðun, sem breytir vana

sem breytir líðan. Kviði maður því að hitta annað fólk, skal maður hitta annað fólk. Vilji maður skokka, er best að byrja að skokka. Þá mun maður skokka. Viljirðu ekki drekka, skaltu byrja að drekka ekki. Smám saman muntu ekki drekka.

Erfitt er þetta oftast, en glettilga árangursríkt. Og þetta er það sem mannkynið þarf, stofnanir þess, ríkisstjórnir, fyrirtæki, fólk. Að beita sig hugrænni atferlismeð-

ferð. Til að hætta að brenna kolum þarf að hætta að brenna kolum. Þá verða kol ekki brennd. Til að borða minna kjöt þarf að borða minna kjöt. Þá verður minna kjöt borðað. Til að hætta að keyra bensínbíla þarf að hætta að keyra bensínbíla. Þá verða engir bensínbílar. Til að hætta að höggva skóga þarf að hætta að höggva skóga. Og svo framvegis.

Ég held að það þurfi geðlækni til Glasgow 🍷 ■

Við opnum dyrnar að Laugavegi 18



Úrval og góð þjónusta
í öndvegi

Verið hjartanlega velkomin!



MÁL OG MENNING BÓKABÚÐ

Mál og menning bókabúð | Laugavegi 18 | Opið alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-17 | www.forlagid.is

Nátttröllin vakna



Úrsúla Jünemann
kennari á
eftirlaunum og
náttúruvinur

Um tíma leit út fyrir að landsmenn væru ekki lengur mjög hlynntir auknu virkjanbrólti. Eftir Kárahnjúkaframkvæmdirnar sem var prangað upp á þjóðina með fögrum fyrirheitum og afneitun allra slæmu hliðarverkananna sem þeim fylgdu, vöknud margir við vandan draum. Fleiri skiptu um skoðun og mátu náttúru landsins ofar einhverjum stóriðjudraumum þar sem aðeins fáir högnuðust. Til dæmis voru áform um að virkja á Ströndum frestað. En nú er öldin önnur:

Menn er aftur farið að klæja í puttana að virkja meira af okkar „hreinu orku“. Þeir þykjast bjarga heiminum með því að leggja rafstreng til meginlands Evrópu. Hver stendur bak við þennan áróður að við þurfum að framleiða meiri orku? Hver hyggst græða stórlega á þessu? Miðað við orkuþörf í heiminum getur okkar litla land aðeins framleitt brotabrot af því, þó að allar sprænur og öll háhitakerfin séu virkjuð í drasl. Og förnin yrði skelfileg: Þau víðerni sem eru sem betur fer ekki ennþá röskuð með stíflum, skurðum, vindmyllugörðum, háspennulínum og vegagerð munu láta á sjá og aðdráttaraflíð sem Ísland er fyrir ferðamenn mun minnka stórlega.

Ísland er (ennþá) þekkt fyrir (frekar) óskemmt hálendi þar sem bæði landsmenn og erlendir ferðalangar geta verið í einrúmi og upplifað dásemd sérstakrar náttúrunnar. Nýlega voru Vestfirðirnir kosnir í fyrsta sætið hjá Lonely Planet yfir áhugaverðustu landsvæðin til að heimsækja. Viljum við förna þeim fyrir gróðafíkn einhverra fyrirtækja sem greiða útvöldum mönnum stórfé í arð og gæðingunum himinhátt kaup?

Það er nóg af orku hér á landi. Þó að allur bílaflotinn yrði rafvæddur og fiskiskipin gengju fyrir rafmagni þá tekur þetta einungis litinn part af því sem stóriðjan hér á landi

”
Mig hryllir við þeirri hugmynd að íhaldsöflin muni yfirtaka heilbrigðis- og umhverfisráðuneytið.

gleypir. Ættum við ekki að snúa okkur að sjálfbærni? Það þýðir að efnahagur, náttúruvernd og félagslegi þátturinn takast í hendur. Það sem skapar flest störf hér á landi eru lítil og meðalstór fyrirtæki. Það þarf að hlúa að þeim. Við gætum framleitt miklu meira af góðum og hollum matvælum hér innanlands í staðinn fyrir að flytja þau inn með tilheyrandi kolefnisspori. Hvernig stendur til dæmis á því að garðyrkjubændurnir fá ekki rafmagn á sanngjörnu verði í samanburði við stóriðjufyrirtækin?

Fyrirverandi forsetinn okkar er kominn í hóp þeirra sem kalla á sæstreng sem lausn allra mála. En ekki er ennþá gleymt þegar hann var klappstýra útrásarvikinganna á sínum tíma og dásamaði hugvit þeirra sem settu efnahag landsins á hvolf seinna meir.

Framtíðin er ekki björt miðað við hvað Sjálfstæðisflokkurinn með iðnaðarráðherrann fremst í flokki ætlar sér í þessum málum. Veik von er að VG standi uppi í hárinu á þeim sem vilja hagvöxt, gróða og aftur gróða á kostnað náttúruverndar og sjálfbærni. Í hvaða vasa munu peningar þessir fara og hversu langt á þessi rányrkja að ganga?

Mig hryllir við þeirri hugmynd að íhaldsöflin muni yfirtaka heilbrigðis- og umhverfisráðuneytið. Þessum ráðuneytum var frekar vel stjórnað á síðasta tímabili miðað við allt mótlætið sem kom hægra megin frá. Heilbrigðis-, velferðar- og náttúruverndarmál fengu ekki það fjármagn sem þurfti, og miðað við að Bjarni Ben. muni áfram sitja í fjármálaráðuneytinu með dyggan stuðning sinna manna mun það ekki breytast.

En þjóðin kaus þetta yfir sig að nýju, því miður. ■

Aukin óráðsía í Árborg



Sigurður K. Kolbeinsson
höfundur er viðskiptafræðingur og skattgreiðandi í Árborg

Á fundi í bæjarráði Árborgar þann 12. ágúst var samþykkt að ganga frá samningi um makaskipti á landspildunni Tjarnarlæk (byggingarlandi sem tilheyrir Disarstaðalandi) í skiptum fyrir fasteignina Disarstaði (land 4) eða svokölluðu „hesthúsalandi“ í austasta hluta Selfoss sem er um 7,9 ha að stærð. Eigendur hesthúslandsins fá byggingarland í Tjarnarlæk (samtals um 14 ha að stærð) í sléttum skiptum og greiða Svf. Árborg fyrir með hesthúsalandinu skv. samningi þar um. Mikill verðmunur er á þessum landareignum en helstu rökin sem flutt voru fyrir þessum kaupsamningi voru þau að samfara byggingu nýrrar íbúðabyggðar vantaði land undir skóla (sem hluta af innviðauppbyggingu í hverfinu) en skv. 39. gr. skipulagslaga kemur eftirfarandi fram: „Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann þegar framkvæmdir hefjast láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði.

Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en svarar þriðjung af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar. Skv. því sem fram kemur í fundargerðum bæjarráðs annars vegar og bæjarstjórnar hins vegar óskaði oddviti D-listans eftir verðmati á lóðunum (sem ekki lá fyrir þegar samningurinn var kynntur 12. ágúst sl.) og fékk endanleg svör í tvennu lagi en það síðara var sent til hans þann 16. september með bréfi dagsettu 6. september. Þar er staðfest að verðmat á umræddum landareignum sem vekur nokkra athygli. Byggingarlandið, sem er þegar skipulagt, er þar metið á 210 milljónir (alls um 14 ha) en hesthúsalandið á 80 milljónir (þ.e. óskipulagt) og er þá ansi vel í lagt þar sem um 7,9 ha lands er að ræða. Á þessu er verulegur munur, eða alls 130 milljónir og því spyr ég sem bæjarbúi: Var verið að hygla einhverjum í þessum viðskiptum? Hvað leiðir til þess að ákvörðunartakar gera slíkan samning án þess að kynna sér réttar forsendur og verðmat? Er forseti bæjarstjórnar sáttur við slík vinnubrögð? Mun hann hugsanlega þurfa að svara fyrir þennan gjörning á síðari stigum?

Það mætti einnig umrita þetta yfir á mannamál og spyrja: „Ef ég kem með Toyota árg. 2008 til bílasala get ég þá vænst þess að fá sams konar bifreið, árg. 2015 í sléttum skiptum? Svarið vita allir. Þetta er enn eitt dæmið um ákvarðanir meirihluta bæjarstjórnar Árborgar sem auka á fjármálaóreiðuna í sveitarfélaginu og uppsafnaðan vanda til komandi kynslóða. Hann er hrikalegur og verður ekki öfundusvert hlutverk fyrir nýjan meirihluta að taka við því búi að afloknum kosningum á næsta ári.

Samkvæmt mínum heimildum nam hallarekstur bæjarsjóðs 1.764 milljónum (A-hluti) fyrstu 7 mánuði ársins sem er meira en grafalvarleg staða. Sveitarfélagið er því í dyrum gjörgæslu hjá hinu opinbera effram fer sem horfir. Hvernig list íbúum bæjarfélagsins á þá stöðu? Einn fulltrúi meirihlutans ritaði á Facebook þann 18. september sl.: Maður bregður sér frá í skamma stund og það er allt að gerast. „Nýr miðbær, fjölnota íþróttahús, plön malbikuð, 2 hringtorg, stofnvegir o.s.frv. komið í notkun eða að komast í notkun. Verkin tala.“ Þetta eru jú orð að sönnu en bæta mætti við: „peningar mala“. Þarna er gerð tilraun til að skreyta gjörðir núverandi meirihluta með gjörðum fyrrum meirihluta að hluta til, þ.e. nýs miðbæjar og annars hringtorganna sem vitnað er til. Eins og ég hef áður nefnt í grein minni á síðasta ári um óábyrgja fjármálastjórn í Árborg þá þarf ávallt að haga útgjöldum í samræmi við tekjur. Þannig reukum við heimilin okkar í landinu, ekki rétt? Og þannig ala flestir börnin sín upp með þeim einfalda boðskap að þú eyðir ekki um efni fram. Í þessu umrædda máli hefði betur verið hugað að því að láta framkvæma verðmat á eignunum af óvilhöllum aðilum og nota slíkt verðmat til grundvallar þegar kom að samningsgerðinni sem skiptir „gjaldþrota“ sveitarfélag miklu máli. En því miður er of seint að „tryggja eftir á“. En kæru bæjarbúar í Árborg: Hafði í huga að bæjarstjórnarkosningar fara fram næsta vor og þá mun gefast gott tækifæri til að „stoppa í þetta gat“ óreiðunnar og velja fólk til starfa sem kann að fara með fjármál. Við þurfum hvorki Ísfirðinga né annað fólk utan af landsbyggðinni til að leiða þessa vinnu heldur harðduglegt fólk með reynslu úr héraði. ■

”
Við þurfum hvorki Ísfirðinga né annað fólk utan af landsbyggðinni til að leiða þessa vinnu heldur harðduglegt fólk með reynslu úr héraði.

Um ökuskírteini



Guðni Sveinn Theodorsson
ökukennari í meiraprófum

Að gefnu tilefni langar mig að vekja athygli ökumanna á að athuga gildistíma ökuskírteina sinna. Mikilvægt er fyrir þá sem hafa bílpróf að fylgjast með gildistíma ökuskírteinisins vegna þess að sá sem sækir um endurnýjun ökuskírteinis þegar meira en tvö ár eru liðin frá því að gildistími fullnaðarskírteinis rann út skal þreyta próf í aksturshæfni. Sérstök ástæða er til að benda þeim sem hafa aukin ökuréttindi að endurnýja ökuréttindi sín á réttum tíma. Hægt er að endurnýja meiraprófið með tvennum hætti, þ.e. með og án réttinda til aksturs í atvinnuskyni. Bílstjórar sem nota ekki meiraprófið í atvinnuskyni geta skilað inn læknisvottorði og fullnægi umskækjandi skilyrðum getur sýslumaður endurnýjað ökuskírteini. Bílstjórar í D1- og D-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni

”
Sérstök ástæða er til að benda þeim sem hafa aukin ökuréttindi að endurnýja ökuréttindi sín á réttum tíma.

og C1- og C-flokki til vöruflutninga í atvinnuskyni skulu auk læknisvottorðs hafa lokið endurmenntun. Um er að ræða fimm námskeið á fimm árum sem þarf að ljúka fyrir endurnýjun ökuskírteinis. Margir taka eitt námskeið á ári, dreifa þeim þannig á fimm ára tímabil og er það ákjósanlegast.

Einnig er mikilvægt að lögreglan og sérstakir umferðareftirlitsmenn lögreglu sinni eftirliti með ökuskírteinum ökumanna og gangi úr skugga um að ökuskírteini séu í lagi.

Lesandi góður, ekki gleyma að endurnýja, kíktu á ökuskírteinið núna! ■

Spilakassarnir blekkja



Páll Heiðar Jónsson
sálfræðingur

Hér eru mikilvægar upplýsingar um spilakassa fyrir fólk sem þá notar: Spilakassar eru hannaðir af sérfræðingum í mannlegri hegðun. Hönnun þeirra miðar að því að nota öll tiltæk ráð til að gera kassana eins ávanabindandi og ómótstæðilega og mannleg þekking á viðfangsefninu gerir okkur kleift. Sá sem hannar mest ávanabindandi spilakassann stendur sig best í sinni vinnu. Þeir eru byggðir upp á blekkingum og tálsýnum til að hafa af þér eins mikið fé og er mögulega hægt. Það er tilgangur og virkni þeirra. Skjár kassans lýsir ekki innri virkni hans, skjárinn er ekki að myndbirta það sem gerist innra með honum. Skjárinn er blekking. Þegar það virðist sem maður hafi „næstum unnið“ þá

”
Fjarhættuspil eru ávallt sett upp út frá þessum tveimur reglum: Að hver leikur sé sjálfstæður atburður, óháður fyrri leikjum og að þú hafir enga stjórn á útkomunni.

er það ekki svo heldur er markmiðið að láta þér liða þannig að „þetta sé alveg að koma“. Þú hefur enga stjórn á útkomunni, sama hvað þú gerir; sama hvort eða hvernig þú ýtir á skjáinn eftir að leikur er hafinn þá hefur það engin áhrif á útkomuna. Tilfinning um stjórnun er blekking. Líkurnar á vinningi eru ávallt

þær sömu og þær eru þér ekki í hag. Tölvan reiknar einfaldlega tölu af handahófi með slembitölugjafa (e. random number generator) og það ákvarðar útkomuna í hvert sinn. Kassinn heldur ekki tölu um vinninga og tap, hann geymir ekki vinninga og er aldrei fullur eða tómur af peningum. Því hver leikur í kassanum er sjálfstæður leikur, óháður fyrri leikjum; það heitir „Sjálfstæði atburða“. Því færist maður aldrei nær vinningum, það er blekking. Hann er samt hannaður til að láta þig halda að þú getir með einhverju móti haft áhrif á útkomuna; það heitir „Tálsýnin um stjórn“.

Fjarhættuspil eru ávallt sett upp út frá þessum tveimur reglum: Að hver leikur sé sjálfstæður atburður, óháður fyrri leikjum og að þú hafir enga stjórn á útkomunni. Annars væru það ekki fjarhættuspil og þá væri hægt að læra að græða á þeim. Þá væri skynsamlegt að stunda fjarhættuspil og naskur leikmaður gæti grætt á þeim með því að beita réttri aðferð. Það er hins vegar ekki svo, hönnuðir spilakassanna sjá til þess. ■

ALLT

FÖSTUDAGUR 5. nóvember 2021

KYNNINGARBLAÐ



Hwang Dong-hyuk er höfundur og leikstjóri Squid Game.

Missti sex tennur vegna álagsins

elin@frettabladid.is

Suðurkóreski leikstjórinn Hwang Dong-hyuk ætlar að framleiða aðra þáttaröð af hinum ofurvinsælu þáttum Squid Game. Þættirnir hafa slegið öllum öðrum við á Netflix og sitja sem fastast á toppnum. Netflix hefur halað inn 650 milljónir punda en leikstjórinn segist ekki hafa fengið bónus, einungis það sem upphaflega var samið um. Hann segist ekki hafa orðið ríkur á þáttunum en eigi nóg. „Ég á fyrir mat,“ segir Hwang.

„Ég var alltaf að fá nýjar hugmyndir og þar af leiðandi að endurskoða þættina á meðan þeir voru í vinnslu svo álagið var tvöfalt,“ segir hann í viðtali við breska vefmiðilinn The Guardian.

Álagið var svo mikið við gerð þáttanna að Hwang missti sex tennur vegna álags og streitu. Samkvæmt tölum frá Netflix er áætlað að 142 milljónir heimila hafi streymt þáttunum og áskrifendum fjölgaði um 4,4 milljónir.

Hugmyndin fæddist í kreppu

Hugmyndin að Squid Game fæddist árið 2009 þegar alþjóðleg fjármálakreppan skall á og kom illa niður á heimalandi Hwang. Móðir hans missti vinnuna, Hwang þurfti að hætta framleiðslu kvikmyndar sem hann vann við. „Við þurftum að taka lán, ég, mamma og amma mín,“ segir hann. Á þessum tíma las hann mikið af myndasögum sem gáfu honum innblástur. „Ég tengdist fólkinu í sögunum sem leitaði í örvæntingu eftir peningum og velgengi.“ ■

Jákvætt
hugarfar er
mikilvægt

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, segir að fótboltinn hafi kennt sér margt um lífið. Þar hafi hún lært að vera leiðtogi, lært að taka áhættu og að hræðast ekki að gera mistök. **2**



„Ungu stelpurnar eru frábærar og munu leiða þetta lið enn lengra,“ segir Gunnhildur Yrsa, fyrirliði kvennalandsliðsins í fótbolta.

MYND/ORLANDO PRIDE



PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í NÓVEMBER

STÓR PIZZA ★ 1.590

• PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA •

EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Eftir tvo góða heimasigra hjá íslenska kvennalandsliðinu í fót-bolta í síðasta mánuði á liðið góða möguleika á að tryggja sér sæti á Heimsmeistaramótinu sem verður haldið í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi 2023.

Fyrirliði liðsins, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, er nokkuð bjart-sýn og segir framhaldið vera í höndum liðsins. „Stefnan er auð-vitað að komast á HM. Við erum með sterkum liðum í riðli eins og Hollandi og Tékklandi þannig að allir leikir eru mikilvægir. Sigurinn heima á móti Tékklandi var mjög mikilvægur og ég er spennt fyrir framhaldinu.“

Gunnhildur hóf ferilinn hjá Stjörnunni í Garðabæ en hefur frá árinu 2013 leikið að mestu leyti sem atvinnumaður erlendis, lengst af í Noregi en einnig í Ástralíu og loks í Bandaríkjunum þar sem hún spilar í dag með liði Orlando Pride í sólinni í Flórída.

Breytti viðhorfinu

Hún segir fótboltann hafa kennt sér svo óendanlega margt um lífið. „Fótboltinn hefur kennt mér að leggja hart að mér í öllum mark-miðum, að hræðast ekki að gera mistök eða að mistakast almennt í lífinu. Ég hef lært að vera leiðtogi og að taka áhættu. Um leið hef ég lært hvernig á að vinna með öðrum og hvað jákvætt hugarfar er mikilvægt. Ég hef lært að ein-beita mér að hlutum sem ég get breytt en ekki að einhverju sem ég get ekki breytt.“

Hún nefnir sem dæmi þegar hún sleit krossband í þriðja sinn en þá hafi hún lært mikið um sjálfa sig. „Þá lærði ég hvað hugarfar er mikilvægt. Á þeim tímabili ætlaði ég að hætta í fótbolta. En þá breytti ég viðhorfi mínu og hugsaði með mér að ég gæti ekki stjórnað því að ég væri meidd en ég gæti stjórnað hvað ég gæti gert til að koma mér til baka í besta forminu mínu.“

Byrjaði snemma í boltanum

Segja má að fótboltaferillinn hafi byrjað með óvenjulegum hætti hjá Gunnhildi. Móðir hennar hóf sérnám í læknisfræði í Banda-rikjunum þegar hún var í þriðja bekk og segir hún að móðir hennar hafi skráð hana í fótbolta svo hún gæti lært betur ensku og um leið eignast vini. „Síðan þá hef ég elskað fótbolta. Þótt ég hafi prófað margar íþróttir á yngri árum stóð fótboltinn alltaf upp úr. Þegar ég var yngri þá vissi ég ekki að það væri hægt að verða atvinnumaður í fótbolta þannig ég var bara að gera þetta til gamans. Svo fór ég á leik með Philadelphia í bandarísku deildinni en Margrét Ólafsdóttir spilaði þar. Hún gaf



Maki Gunnhildar er Erin McLeod (t.v.). Erin er markmaður Orlando Pride, hefur spilað yfir 100 landsleiki fyrir Kanada og unnið gull og brons á Ólympíuleikum. Auk þess er hún listakona og hannar tattú.



Hluti systkinahópsins úti í Flórída. Fjölskyldan hennar er mjög samhent.

mér miða á leikinn og ég man að ég hugsaði með mér: Mig langar að vera eins og hún. En svo hugsaði ég ekki mikið út í það fyrr en ég hóf háskólanám í Bandaríkjunum en þá lagði ég alla áherslu á fót-boltann og sá um leið að ég vildi leggja allt mitt í að spila fótbolta og komast í landsliðið.“

Gunnhildur spilar í dag með Orlando Pride í Flórída. Hún segist mjög ánægð þar, nýir eigendur hafi komið að klúbbnum og framtíðin sé björt. „Ég er spennt fyrir því að taka þátt í þeirri uppbyggingu. Árangurinn í ár var þó ekki nógu góður og undir væntingum. Ég fékk samt að spila mikið og þróa minn leik en hefði viljað ná betri úrslitum. Það fylgir mikið álag að spila í þessari deild enda mikið um ferðalög. Það breytir þó miklu að systir mín býr hér í Orlando og mamma á hús hér þannig að hún kemur stundum í heimsókn. Svo spilar maki minn, Erin McLeod, í sama liði sem er frábært. Það hjálpar að hafa maka sinn með

til að halda jafnvægi í lífinu. Í augnablikinu er ég mjög ánægð hjá Orlando Pride en auðvitað mætti bæta suma hluti.“

Framtíðin er björt

Eftir tíu ára landsliðsferil stendur margt upp úr en þó helst að hafa kynnst öllum stelpunum. „Svo átti ég aldrei von á að spila svona margar leiki með landsliðinu og hvað þá að bera fyrirliðabandið sem hefur verið mikill heiður. Ég var mikið meidd þegar ég var yngri og þótt ég stefndi alltaf á landsliðið þá var það oft langsótt. En varðandi framtíð landsliðsins þá gæti ég ekki verið spenntari. Ungu stelpurnar eru frábærar og munu leiða þetta lið enn lengra. Þær eru sigurvegarar og ætla sér langt.“

Kominn tími á breytingar

Mjög margt hefur breyst frá því Gunnhildur spilaði sinn fyrsta landsleik og umgjörðin er allt önnur í dag að hennar sögn. „Ég er auðvitað mjög ánægð með þau



Protect trans kids var átak sem liðsmenn Orlando Pride tóku þátt í.

stóru skref sem kvennaknattspyrnan hefur tekið undanfarin ár en það er enn langt í land. Þetta verður áframhaldandi barátta og ég mun taka þátt í henni eins lengi og ég get. Kvennaboltinn er að verða sýnilegri og það verður mjög mikilvægt í baráttunni.“

Gunnhildur segir mikla kvenfyrirlitningu einkenna fótboltann að og kominn sé tími á breytingar. „Ég hef tengst mikið MeToo-baráttunni, sérstaklega nú í ár eftir allt sem gerðist hjá Utah og í deildinni hjá okkur. Það er búið að vera magnað að sjá viðbrögð og baráttu hjá leikmönnum deildarinnar. Þessi barátta er langt frá því að vera búin en þetta er allt á réttri leið. Ég vona að í framtíðinni munum við ekki tala um kvenna- og karlknattspyrnu, heldur að þetta verði bara fótbolti. Að við verðum ekki alltaf að skilgreina hlutina sem kvenna þetta og hitt. Að konur og karlar verði jöfn í samfélaginu og að kyn skipti ekki máli.“

Litill frítími utan boltans

Lífið snýst svo sannarlega um fót-bolta og flestir dagar undirlagðir æfingum og leikjum. Gunnhildur hefur lokið námi í íþróttافرæði frá Háskólanum í Reykjavík og er nú að taka tvö fög til að bæta við námið. „Utan þess þá málum við Erin og búum til ýmis listaverk. Ég les líka mikið og við förum í ævintýraferðir með hundinn okkar. Svo erum við nokkrar í liðinu sem förum vikulega út að borða en þá förum við á mismunandi veitingastaði og skoðum matarmenninguna í Orlando. Á fríðögum okkar bjóða stelpurnar okkur oft í bátsferð.“

Tekur einn dag í einu

Gunnhildur er 33 ára og því edlilega farin að huga að starfsferli eftir fótboltann. „Eftir fótboltann stefni ég á að verða styrktarþjálfari hjá einhverju liði eða klúbbi. Styrktarþjálfun er að verða mikilvægari í fótbolta og ég vil taka þátt í uppbyggingu hennar í kvennaboltanum. Svo langar mig að vinna með börnum með einhverfu og halda fótboltanámskeið fyrir börn með sérþarfir.“

Mikilvægast sé þó að vera hamingjusöm og eiga fjölskyldu. „Síðan vil ég halda áfram baráttunni fyrir minnihlutahópa. Svo er stefnan sett á maraþonhlaup og eina góða Iron man-keppni. Hvar ég mun búa skiptir ekki miklu máli svo framarlega sem ég sé bara einu flugi frá fjölskyldunni minni. Annars ætla ég bara að taka einn dag í einu, njóta þess að spila fótbolta og reyna að gera umhverfið í kringum mig betra. Þannig vil ég leggja mitt af mörkum fyrir yngri kynslóðir og skilja við hlutina betri en þegar ég kom að þeim.“ ■

Léttari liðir með töframætti Túrmeriks

Öflugar blöndur með fjallagrös. Sterka blanda inniheldur svartan pipar sem margfaldar upptöku túrmeriks.

Þjáist þú af liðverkjum & bólgum?

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS
túrmerik
Túrmerik með svörtum pipar
60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS
túrmerik
Túrmerik með fjallagrös
60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum

KVIKMYNDIR

mánaðarins

MARVEL STUDIOS

ETERNALS



nóvember



BÍÓBÆRINN

MEÐ GUNNARI ANTONI GUÐMUNDSSYNI
OG ÁRNA GESTI SIGFÚSSYNI

FÖSTUDAGA KL. 20.00



HRINGBRAUT

Hin eilífu rísa upp í bíó

Marvel-myndarinnar Eternals hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu en í henni kynnr Chloé Zhao, Óskarsverðlauna-leikstjóri Nomadland, til sögunnar Marvel-hetjur sem hafa látið frekar lítið fyrir sér fara og aldrei sést í bíó áður.

Eternals, eða „Hin eilífu“ eins og þau geta kallast á íslensku, er hópur ódauðlegs fólks með ofur-krafta. Þessar ódauðlegu ofur-hetjur hafa haldið tilvist sinni á jörðinni leyndri í þúsundir ára en nú koma þær saman til að verja heiminn gegn illum öflum. „Eternals er epísk umfangsmikil saga sem spannar þúsundir ára,“ segir Kevin Feige, framleiðandi kvikmyndarinnar og einvaldur Marvel-kvikmyndaheimsins. „Þetta er fjölbreytt teymi tíu ofurhetja sem við erum spennt að kynna fyrir heiminum. Þrátt fyrir að áfram sé haldið í hefðir kvikmyndaheims Marvel þá fer þessi kvikmynd einnig ótroðnar slóðir,“ segir Feige og bætir við að líta megi á myndina sem fyrirboda þess sem koma skal frá Marvel í nánustu framtíð. Nate Moore, annar framleið-andi Eternals, segir leikstjórann Chloé Zhao um margt einstaka kvikmyndagerðarkonu sem sé jafnvíg á að laða fram mannlegar tilfinningar og búa til alvöru vísindaskáldskap. ■

12



Þetta er fjölbreytt teymi tíu ofur-hetja sem við erum spennt að kynna fyrir heim-inum.

Frumskýnd 5. nóvember 2021
Aðalhlutverk: Angelina Jolie, Richard Madden, Salma Hayek, Kumail Nanjiani, Kit Harrington, Brian Tyree Henry.
Handritshöfundar: Chloé Zhao, Patrick Burleigh, Ryan Firpo og Kaz Firpo.
Leikstjórn: Chloé Zhao.

Mirabel bjargar fjölskyldunni

Encanto er nýjasta teikni-myndin frá Walt Disney en myndin fjallar um Mirabel Madrigal, unga kólumbíska stelpu, sem þarf að bíta í það súra epli að hún er sú eina í fjölskyldunni sem er ekki gædd einstökum tófrum.

Fjölskyldan sækir töfra sína til heimilisins þar sem allir búa yfir mögnuðum hæfileikum nema aumingja Mirabel sem þarf þó að taka málin í sínar hendur þegar heimili fjölskyldunnar og þar með töfrar hennar eru í hættu. Hún leggur því af stað í svaðilför með það að markmiði að bjarga töfr-unum sem gera alla í fjölskyldunni hennar einstaka – nema hana. Venju samkvæmt skipar tón-list veigamikinn sess í myndinni og í henni eru frumsamin lög frá hinum viðfræga Lin-Manuel Miranda en hann hefur unnið til Emmy-, Grammy- og Tony-verð-launa fyrir verk sín. Miranda er hvað þekktastur fyrir söngleikinn Hamilton en addaendur Disney þekkja tónlist hans eflaust frá bráðskemmtilegu teiknimyndinni Moana. Einvalalið íslenskra leikara og tónlistarfólks sér um íslenska talsetningu myndarinnar og má þar til að mynda nefna Sölu Sól Eyfeld, Ragnheiði Steindórsdóttur, Rúnar Frey Gíslason, Loga Pedro Stefánsson, Þórunni Ernu Clausen og Aldísi Amah Hamilton. ■

L




Ég sá svo persónu-hönnun-ina þeirra sem aftur veitti mér innblástur fyrir tón-listina.

Frumskýnd 24. nóvember 2021
Aðalhlutverk: Stephanie Beatriz, John Leguizamom, María Cecilia Botero, Diane Guerrero, Jess-ica Darrow, Angie Cepeda og Wilmer Valderrama.
Handritshöfundar: Jared Bush og Charise Castro Smith.
Leikstjórn: Byron Howard og Jared Bush.

Venus og Serena Williams með augum föður síns

King Richard er sannsögulegt og hjartnæmt drama sem rekur sögu tennis-drottninganna Venus og Serenu Williams frá sjónarhorni föður þeirra, Richards Williams. Myndin fylgir því eftir hvernig Richard ól dætur sínar upp og þjálfaði þær upp í að verða tvær af bestu íþróttakönnum allra tíma. Richard fer ótroðnar slóðir í þjálfuninni og uppeldinu með það eina markmið að koma dætrum sínum á toppinn í tennis. Það er enginn annar en Will Smith sem leikur Richard í myndinni. „Ég held að ástæðan fyrir því að mér leist svona vel á að segja söguna í gegnum Richard er að það var eina leiðin fyrir mig til að taka þátt í þessu,“ segir hinn 53 ára Will Smith kiminn. Hann bætir svo við að Richard minni hann á þabba sinn. „Þeir eru af sömu kynslóðinni. Menn sem voru vanir því að laga allt með höndunum. Ég skildi hvernig það var að lifa á mörkun-um og reyna að halda í drauminn.“ Serena Williams segir að henni hafi einnig litist vel á að sagan yrði sögd í gegnum föður sinn. „Það eru svo margar leiðir til að segja þessa sögu en ég held að það sé besta leiðin að segja hana í gegnum föður minn því hann átti þessa hugmynd. Hann vissi hvernig hægt var að framkvæma hana.“ ■

12



Ég skildi hvernig það var að lifa á mörkun-um og reyna að halda í drauminn.


Frumskýnd 19. nóvember 2021
Aðalhlutverk: Will Smith, Aunjanue Ellis, Saniyya Sidney, Demi Singleton og Tony Goldwyn.
Handritshöfundar: Zach Baylin.
Leikstjórn: Reinaldo Marcus Green.

Ástarbréf til blaðamanna

Aðdaendur sérvitringsins Wes Anderson geta tekið gleði sína á ný en tíunda mynd leikstjórans, The French Dispatch, er handan við hornið í kvikmynda-húsum landsins.

The French Dispatch er hálf-gert ástarbréf til blaðamanna en myndin á sér stað í ritstjórnarúti-búi bandaríks dagblaðs í fransku borg á 20. öldinni. Þar koma saman þrjár sögur sem birtust í lokaútgáfu tímaritsins The French Dispatch. Myndin byggir á ást Andersons á The New Yorker og eru ýmsar persónur og atburðir myndarinnar byggð á raunverulegum hliðstæð-um tengdum blaðinu. Samur við sig teflir Anderson fram stórkotaliði leikara, en að þessu sinni eru Benicio del Toro, Adrien Brody, Tilda Swinton, Frances McDormand, Timothée Chalamet, Bill Murray og Owen Wilson á stjórnubjörtum starfs-mannalista hans. Myndin hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og uppskar níu mínútna uppklass eftir sýningu á kvikmyndahá-tiðinni í Cannes. Anderson er ómögulegt að sitja lengi aðum höndum en næsta mynd hans, Asteroid City, er væntanleg á næsta ári og fyrir skömmu var tilkynnt um að hann hefði fengið til liðs við sig góðan liðsauga í Tom Hanks og Margot Robbie. ■

9



Myndin byggir á ást Andersons á The New Yorker.

Frumskýnd 12. nóvember 2021
Aðalhlutverk: Bill Murray, Frances McDorm-and, Jeffrey Wright, Adrien Brody, Tilda Swinton.
Handritshöfundar: Wes Anderson.
Leikstjórn: Wes Anderson.



TÆKIFÆRI TIL AÐ

PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í NÓVEMBER

STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Skilnaður skekur Buckinghamhöll

Kirsten Stewart þykir frábær í hlutverki Díönu prinsessu í Spencer sem hefst þegar hún ákveður að slíta hjónabandi sínu og Karls ríkisarfa. Titill myndarinnar vísar í ættar-nafn hennar og þrá hennar eftir lífinu eins og það var áður en hún varð prinsessa fólksins.

Konungsfjölskyldan er samkvæmt hefðinni saman komin á heimili drottningar í Sandringham til þess að halda jólin hátíðleg. Díana prinsessa mætir of seint til jóla-gleðinnar, þjökuð af áhyggjum og sorg.

Tíu ár eru síðan hún giftist Karli Bretaprins í brúðkaupi aldarinnar og hjónabandið er í rúst, efasemdir eru uppi um andlega heilsu hennar og konungsfjölskyldan og kerfið allt reynir að hafa hemil á henni. Hún hefur hins vegar fengið nóg og ætlar ekki að láta að stjórn og ákveður þarna að skilja við prinsinn af Wales.

Einhverjar efasemdir voru um að hin bandaríska Kirsten Stewart myndi valda hlutverki ensku prinsessunnar en hún hefur með Spencer sýnt svo um munar að hún var rétta konan í hlutverkið.

Þar sem kafað er djúpt ofan í sálarlíf Díönu og lítið verið að velta sér upp úr konunglegum hneyksl-um og uppákomum hefur Spencer verið sögð alger andhverfa The Crown þáttanna. Stewart þykir takast þetta svo vel að talað er um að hún fylli af mikilli list helgi-myndina af Díönu mannlegum tilfinningum.

Leikstjóranum Pablo Larraín þykir þannig ekki takast síður vel í Spencer að draga upp mynd



Fróðleikur

- Lafði Diana Frances Spencer fæddist þann 1. júlí 1961 og hefði því fagnað 60 ára afmæli sínu í sumar hefði hún lifað.
- Díana var aðeins 36 ára þegar hún, í sviðsljósi ágengra fjölmiðla, lést eftir hörmulegt bílslys í París 31. ágúst 1997.
- Díana var gervallri heimsbyggðinni harmdauði og hennar er enn minnst með hlýhug sem hinnar einu sönnu prinsessu fólksins.
- Spencer jarl, bróðir Díönu, sagði í minningarorðum sínum í jarðar-för hennar að það hefðu verið grimmileg örlög konu sem hét eftir veiðigyðjunni sjálfri, Díönu, að verða hundeltasta mannvera jarðar.

» Stewart þykir takast þetta svo vel að talað er um að hún fylli af mikilli list helgimyndina af Díönu mannlegum tilfinningum.

af konu sem missir smám saman tókin á tilverunni í kastljósi heimspressunnar, eins og í Jackie áður. Í báðum myndum njóti hann þess líka að aðalleikkonurnar, Natalie Portman sem Jacqueline Kennedy og nú Stewart sem Díana, fara með himinskautum í hlutverkum dæðra kvenna sem athyglin og álagið báru ofurliði. ■

Frumsýnd
19. nóvember 2021

Aðalhlutverk:
Kristen Stewart, Timothy Spall, Jack Nielen.

Handritshöfundur:
Steven Knight.

Leikstjórn:
Pablo Larraín.

12



Voldugasta kona Norðurlanda

Margrete den første er sannkallað stórvirki enda ein dýrasta kvikmynd sem framleidd hefur verið á Norðurlöndum og fjallar um samnefnda Danadrottningu sem má teljast einhver áhrifamesta kona í sögu Norðurlandanna.

Margrete den første, eða Margrét fyrsta, rekur stóra atburði á ferli Margrétar miklu sem stofnaði Kalmarsambandið. Árið 1402 ríkir Margrét yfir Svíþjóð, Noregi og Danmörku í gegnum ætt-leiddan son sinn, Erik, en þegar samsæri setur Kalmarsambandið og ævistarf hennar í hættu þarf hún að beita öllum brögðum til þess að viðhalda stöðu sinni og ríkiðæmi.

Danska stórstjarnan Trine Dyrholm leikur Margréti og Charlotte Sieling, ein fremsta leikstýra Norðurlanda, leikstýrir. Hún er ekki síst þekkt hér á landi fyrir aðkomu sína að sjónvarps-þáttunum Broen, Forbrydelsen og Homeland.

Hlutur Íslendinga í myndinni er þó nokkur en leikkonurnar Hall-dóra Geirharðsdóttir og Tinna Hrafnisdóttir eru þar í veiga-miklum hlutverkum.

Þess má einnig geta að Margrét Þórhildur mætti á frumsýningu myndarinnar en hún er fyrsta drottning Danmerkur síðan Mar-grét fyrsta var og hét og tók ein-mitt upp titilinn Margrét önnur til heiðurs Margréti miklu. ■



» Halldóra Geirharðs-dóttir og Tinna Hrafn-s-dóttir fara með veigamikil hlutverk í myndinni.

Frumsýnd
12. nóvember 2021

Aðalhlutverk:
Trine Dyrholm, Søren Malling, Morten Hee Andersen.

Handritshöfundar:
Jesper Fink, Maya Ilsoe og Charlotte Sieling.

Leikstjórn:
Charlotte Sieling.

Skuggaleg glansmynd af Gucci

House of Gucci sækir inn-blástur sinn í fjölskyldu-veldið á bak við eitt frægasta tiskumerki allra tíma. Saga kvikmyndarinnar spannar þrjá áratugi af ást, svikum og hefndum. Myndin varpar ljósi á það hvað liggur á bak við Gucci-nafnið, hversu mikils virði það er og hversu langt ein fjölskylda er tilbúin til að ganga fyrir völd.

Einvalalið úrvalsleikara kemur að myndinni þar sem vart verður þverfótað fyrir fólki sem hefur annað hvort hlotið Óskarsverð-laun eða verið tilnefnt til þeirra. Þar á meðal eru Óskarsverðlauna-hafinn Jared Leto sem hefur að þessu sinni ekki síst vakið athygli fyrir að vera nánast óþekkjanlegur í hlutverki viðskiptamannsins og hönnuðarins Paolo Gucci.

Leto er annálaður fyrir að ganga ansi langt þegar kemur að því að setja sig í hlutverk fyrir kvikmynd-ir og House of Gucci er þar engin undantekning. Ágætt dæmi um hversu langt Leto gengur í þessum efnum er að hann heldur sér til að mynda í karakter þrátt fyrir að slökkt sé á upptökuvélunum. Sam-starfsfólki sínu í gegnum tíðina til mismikillar ánægju.

„Þetta er bara það sem ég hef áhuga á,“ segir Leto. „Þegar þú gerir þessa skuldbindingu, þá er eitt-hvað sem gerist. Þú ert þvingaður til að grafa dýpra, vinna meira og uppgötva eitthvað sem er miklu meira dýpra og gefandi.“ ■



” Þú ert þvingaður til að grafa dýpra og uppgötva eitthvað miklu meira dýpra og gefandi.

Frumsýnd
12. nóvember 2021

Aðalhlutverk:
Lady Gaga, Adam Driver, Jared Leto, Jeremy Irons, Salma Hayek og Al Pacino.

Handritshöfundar:
Becky Johnston og Roberto Bentivegna.

Leikstjórn:
Ridley Scott.

16

KFC

BACONTOWER



1.448 kr.

Original kjúklingabringa,
ostur, beikon, kartöfluskífa,
kál, tómatsósa og léttmæjó.

1.999 kr.

Bacon Tower borgari,
3 Hot Wings, franskar, gos og
fyllt Appolo lakkríssúkkulaði.

Draugar í banastuði og banar í draugastuði

Þegar einstæð móðir með tvö börn flytur til Oklahoma á niðurníddan sveitabæ nýlátins föður hennar komast krakkarnir að því að afi þeirra var enginn annar en Draugabaninn Egon Spengler og ný kynslóð tekur við Ghostbusters-keflinu.

Ghostbusters: Afterlife er nýjasti kaflinn í sögunni sem hófst 1984 með hinni feykivinsælu Ghostbusters þar sem Bill Murray, Dan Aykroyd og Harold Ramis léku vísindamenn sem í hallæri fóru að vinna fyrir sér sem draugabanar.

Þessi mynd markar sannkölluð kynslóðaskipti þar sem leikstjórinn, Jason Reitman, er sonur Ivans Reitman sem leikstýrði upprunalegu myndinni og álika vinsælu framhaldinu Ghostbusters II árið 1989.

Þá tekur einnig ný kynslóð við baráttunni við framliðna ólátabelgi í myndinni sjálfri þar sem aðalpersónurnar Phoebe og Trevor eru barnabörn draugabanans Egons Spengler.

Jason Reitman var aðeins sex ára þegar faðir hans tók hann með sér á tökustað Ghostbusters fyrir 37 árum síðan og þótt hann hafi getið sér gott orð sem leikstjóri, með til dæmis Juno og Up in the Air, sá hann ekki fyrir sér að hann myndi feta svo vandlega í fótspor föður síns að hann ætti eftir að gera sína eigin Ghostbusters-mynd.

Engu að síður byrjaði hugmynd að Ghostbusters-framhaldi að gerjast í huga hans og þegar Harold Ramis, sem lék Egon Spengler, féll frá 2014 fann hann tenginguna sem hann hafði vantað og að aðalpersóna hans ætti vitaskuld að vera dótturdóttir Spenglers.

„Þetta var sagan sem ég vildi segja. Sögu af barni sem finnur róteindagræjur og kemst að því hvert það í raun og veru er. Hver arfleið þess er og af hverju það er einstakt.“ ■



Fróðleikur

- Harold Ramis, sem lék Egon Spengler, gat sér einnig gott orð sem leikstjóri og á til að mynda heiðurinn af gamanmyndinni sigildu Groundhog Day þar sem hann tefldi einmitt fram Bill Murray, féлага sínum úr Draugabönunum.
- Leikararnir ungu Mckenna Grace og Finn Wolfhard, sem leika systkinin Phoebe og Trevor, eru ekki ókunnug átökum við ill og yfirnáttúruleg öfl en Grace lék í hryllingsmyndinni Malignant auk þess sem hún hefur látið að sér kveða í sjónvarpsþáttunum The Handmaid's Tale og Young Sheldon.
- Finn Wolfhard þekkja síðan langflestir sem Mike Wheeler í Netflix-þáttunum Stranger Things þar sem hann hefur meðal annars klætt sig upp í Ghostbusters-búning á hrekkjavöku.



Þetta var sagan sem ég vildi segja. Sögu af barni sem finnur róteindagræjur og kemst að því hvert það í raun og veru er.

Frumskýnd
19. nóvember 2021

Aðalhlutverk:
Carrie Coon, Finn Wolfhard, Mckenna Grace, Annie Potts.

Handritshöfundar:
Gil Kenan, Jason Reitman.

Leikstjórn:
Jason Reitman.

9



Hugmyndarík Birta bjargar jólnunum

Íslenska barnamyndin Birta fjallar um einstæða tveggja dætra móður. Þegar Birta, sem er ellefu ára, heyrir fyrir slysi að mamma hennar óttist að hafa ekki efni á að halda jól ákveður hún að grípa til sinna ráða.

Birta er bráðfyndin og hjartnæm saga úr íslenskum raunveruleika sem margir þekkja og tengja við. Aðalpersónan, Birta, er ellefu ára stelpa sem ákveður að bjarga jólnunum eftir að hún heyrir óvart að mömmu hennar vanti 100 þúsund krónur til þess að geta haldið mannsæmandi jólahátíð fyrir stelpurnar sínar.

Birta reynir ýmislegt til að hjálpa mömmu sinni án hennar vitneskju en kemst fljótt að því að það er alls ekkert einfalt mál að vinna sér inn pening, hvað þá þegar maður er ellefu ára.

Birta er samstarfsverkefni hjónanna Helgu Arnardóttur og Braga Þórs Hinrikssonar þar sem hún skrifar handritið og hann leikstýrir. „Mig langaði að gera jólasögu og hugsaði: Hvað ef það yrðu ekki jól?“ segir Helga og bætir við að sagan byggji á hennar eigin persónulegu reynslu frá því hún var barn.

„Þetta er ljúfsár og ótrúlega húmorísk mynd um það hvernig börnin sjá það kómíska í aðstæðum sem koma upp í okkar daglega ströggli í lífinu.“

Fróðleikur

- Birta er fyrsta leikna íslenska barna- og fjölskyldumyndin frá því Víti í Vestmannaeyjum var frumsýnd árið 2018 en Bragi Þór leikstýrði henni einnig.
- Kristín Erla Pétursdóttir, tólf ára aðalleikkona myndarinnar, var nýlega valin besta leikkonan í hópi ungmenna á einni stærstu barnakvikmyndahátíð Evrópu, Schlingel í Chemnitz í Þýskalandi.
- Dómnefndin á Schlingel taldi leik Kristínar Erlu eftirminnilegan og áhrifaríkan þar sem hún þótti fara á afar trúverðugan hátt með hlutverk sitt.
- Margrét Júlía Reynisdóttir er átta ára og leikur Kötunni, litlu systur Birtu, en hún var á dögnum valin besta unga leikkonan fyrir hlutverk sitt á KIKIfe, annarri stórra barnakvikmyndahátíð í Þýskalandi.

Mig langaði að gera jólasögu og hugsaði: Hvað ef það yrðu ekki jól?

Þótt Birta sé frumsýnd fyrst núna á Íslandi hefur hún nú þegar notið velgengni eftir að hún var heimsfrumsýnd við góðar viðtökur á kvikmyndahátíðinni Giffoni á Ítalíu í júlí. Myndin hefur verið valin inn á þrettán kvikmyndahátíðir, margar hverjar meðal þeirra virtustu. Þá hefur Studio Hamburg keypt dreifingarréttinn á Birtu um allan heim. ■

Frumskýnd
5. nóvember 2021

Aðalhlutverk:
Kristín Erla Pétursdóttir, Salka Sól Eyfeld, Margrét Júlía Reynisdóttir, Margrét Ákadóttir, Harald G. Haralds, Hr. Hnetusmjör og Helga Braga Jónsdóttir.

Handritshöfundur:
Helga Arnardóttir.

Leikstjórn:
Bragi Þór Hinriksson.

L



Ga

FULLKOMIN BLANDA

fyrir notalegasta tíma ársins



Tove og sköpunarsaga múmínálfanna

Bóhemar, djass, óvissa, menning og sköpun múmínálfanna krauma í bland við innri og ytri átök Tove Jansson í finnsku kvikmyndinni Tove sem rekur ævi myndlistarkonunnar og rithöfundarins sem enn heillar fólk með ómótstæðilegum figúrum sem urðu til upp úr pári hennar á pappírssnifsí.

Tove byggir á ævi Tove Jansson, skapara múmínálfanna, og þá helst fyrri hluta ævi hennar, upp úr 1940, með áherslu á flókin persónuleg sambönd og að sjálfsgöðu tilurð hinna elskuðu múmínálfa og ódrepanði og sívinsæla arfleifð hennar í bókunum um þá. Ekkert er til sparað í myndinni sem er sú dýrasta sem gerð hefur verið í Finnlandi að frátalinni The Unknown Soldier frá 2017. Myndin þykir þó ekki sist sækja áhrifamátt sinn til leikkonunnar Alma Pöysti sem glansar í hlutverki Tove í listrænni lífsbaráttunni og djörfum leik í lesbískum ástarsambandi við hina auðugu Vivicu. Þær þróuðu sitt eigið dulmál þar sem þær kölluðu sig Þöngull og Prasi sem síðar urðu, eins og dyggir aðdáendur vita, að persónum í Múmíndal. En það var einmitt Vivica sem fyrst kom auga á frumlega snilldina í múmínálfa-skissum Tove sem faðir hennar hafði áður afgreitt sem „krass“. ■



» **Alma Pöysti glansar í hlutverki Tove í listrænni lífsbaráttunni og djörfum leik í lesbískum ástarsamböndum.**

Frumskýnd
5. nóvember 2021
Aðalhlutverk:
Alma Pöysti, Krista Kosonen og Shanti Roney.

Handritshöfundur:
Eeva Putro.

Leikstjórn:
Zaida Bergroth.

12

Fróðleikur

- Tove Jansson gaf múmínálfana fyrst út 1945 en sögur hennar áttu eftir að verða meðal vinsælustu barnabóka allra tíma.
- Bækurnar eru þó síður en svo einfaldar barnabækur þar sem í undirtextanum er tekist á við forboðna ást, andleg veikindi og baráttu fyrir listrænu frelsi.
- Fyrsta myndasería Tove í anda múmínálfanna var háðsádeila á Hitler sem kom út 1938. Þar birtast mjög frumstæðar útgáfur af persónunum sem áttu eftir að taka á sig varanlega mynd nokkrum árum síðar.
- Múmínálfarnir eru í dag viðskiptaveldi og tekjuhæsta fyrirtækið skapandi í ðnaðar í Finnlandi og mikilvægur hlekkur í efnahagskeðjunni með um 300 einkaleyfi um víða veröld.



Sjálfstæðisbarátta kennara í kynlífsmyndbandsklandri

Bad Luck Banging or Loony Porn, (Ógæfureið eða klikk-að klám), segir frá vandræðum sem kennarinn Emi kemst í þegar kynlífsmyndband stefnir orðspori hennar og lífsviðurværi í hættu.

Grunnskólakennarinn Emi lendir á hálum ís þegar kynlífsmyndbandi með henni er lekið á netið og teflir orðspori hennar sem kennara í tvísýnu. Hún er neydd til að hitta foreldra nemenda sinna sem krefjast þess að hún hætti að kenna. Emi lætur ekki segjast og neitar að segja starfi sínu lausu. Bad Luck Banging or Loony Porn er níunda kvikmynd rúmenska leikstjórans Radu Jude en hann fékk hugmyndina að myndinni eftir langt samtal við vini sína. „Við ræddum nokkrum sinnum um raunverulegar sögur frá Rúmeníu og öðrum löndum, þar sem kennarar voru reknir úr skólunum vegna þess sem þeir voru að gera í einkalífinu,“ segir Radu og nefnir sem dæmi kennara sem stunduðu myndbandskynlíf í beinni eða birtu kynlífsmyndbönd á netinu. „Samræðurnar urðu svo ákafar að þær fengu mig til að hugsa að þó umræðuefnið virðist vera léttvægt og grunnt þá hlýtur meira að liggja að baki fyrst við urðum svona æst í samræðunum um það. Þá ákvað ég að búa til kvikmynd þannig að núna get ég átt síðasta orðið.“ Kvikmyndin hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og vann til að mynda Golden Bear-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Berlín og Golden Arch-verðlaunin sem besta kvikmyndin. ■



» **Þá ákvað ég að búa til kvikmynd þannig að núna get ég átt síðasta orðið.**

Frumskýnd
19. Nóvember 2021
Aðalhlutverk:
Katia Pascariu, Claudia Ieremia og Olimpia Malai


Handritshöfundur:
Radu Jude.

Leikstjórn:
Radu Jude.

Minning um fjöldamorð í sovéskri stéttabaráttu

Sovéska sagnfræðidramað Kæru félagar! segir frá Lyudmilu sem vinnur í borginni Novocherkassk. Verkalýðurinn á um sárt að binda eftir að kommúnistastjórn landsins hefur hækkað verð á matvælum og endar á að fara í verkfall en við taka hrottafengin viðbrögð stjórnvalda sem vilja þagga niður allt mótlæti.

Reiðin kraumar svo að hún er nánast áþreifanleg í myndinni Kæru félagar sem byggir á sannsögulegum atburðum en tugir óbreyttra borgara létu lífið í fjöldamorði sovéskra hermanna í Novocherkassk þann 5. júní 1962. Myndin varpar skýru ljósi á getuleysið, vænisýkina, leyndina og þunglamalegt skriffinnsku-báknið sem lagði grunninn að því að yfirvöld fundu sig knúin til þess að grípa til þessa óyndisúr-ræðis. Áratugum saman reyndu sovésk yfirvöld að halda atvikinu leyndu, tóku aðra sjö mótmælendur af lífi og dæmdu aðra hundrað í tíu ára fangelsi. Sannleikurinn um fjöldamorðið kom ekki upp á yfirborðið fyrr en rannsókn hófst eftir að Sovétríkin höfðu liðið undir lok. Myndin hefur farið sigurför um kvikmyndahátíðir víða um heim og hafa margir sett hana á stuttlista yfir kvikmyndir sem líklegar þykja til að fá Óskarstilnefningu. Leikstjórnin, Andrey Konchalovskiy, hefur unnið sem leikstjóri frá því árið 1960 og þekkir sögu samlanda sinna því vel af eigin raun. ■



» **Myndin hefur farið sigurför um kvikmyndahátíðir víða um heim og þykir víða líkleg til að fá Óskarstilnefningu.**

Frumskýnd
12. nóvember 2021
Aðalhlutverk:
Yuliya Vysotskaya, Vladislav Komarov og Andrey Gusev.

Handritshöfundar:
Elena Kiseleva og Andrey Konchalovskiy.

Leikstjórn:
Andrey Konchalovskiy.



EDENBYGGÐ


HVERAGERÐI

16 nýjar íbúðir komnar í sölu.

Edinmörk 1, 3 og 7

Verð frá 33.500.000 - 42.900.000

Stærð frá 55 m² - 75,3 m²



OPIÐ HÚS

Á SKRIFSTOFU BYR FASTEIGNASÖLU

AUSTURMÖRK 4 Í HVERAGERÐI

LAUGARDAGINN 6. NÓV 2021

KL. 13:00 – 15:00

Elín Káradóttir
Löggiltur fasteignasali



Austurmörk 4, 810 Hveragerði
s. 483 5800 • byr@byrfasteign.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl. fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingabjónusta ehf.
S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagirnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur

gott cbd
CBD 5.6%, CBD 24%, CBD 12%
CBD 5.6%, CBD 24%, CBD 12%

Húsnæði

Húsnæði í boði

Big room for rent in 105 Rvk featuring bed and furnitures. Separate kitchen 65.000 per month incl. heat and electricity. S:869-9766

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

BÓLSTRUN – SAUMASKAPUR

Uppgerðir Rokkókóstólar með áklæði að eigin vali á góðu verði

FYRIR

EFTIR

Öll almenn bólstrun - úrval vandaðra áklæða og leður. Tökum allskonar saumaskap ,t.d. dýnur í hjólhýsi, húsbíla ofl.

Sérhæfum okkur í bílsætaviðgerðum, mótórhjólum, snósleðasætum, límum og gerum við tréverk á húsgögnum.

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin | S. 544 5750 | www.hsbolstrun.is

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

gott cbd
CBD 5.6%, CBD 24%, CBD 12%
CBD 5.6%, CBD 24%, CBD 12%

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á **frettabladid.is**



JAFNVÆGISVOGIN

Eitt stærsta verkefni FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu. Jafnvægisvogin er raunverulegt afl til að bæta stöðu kynjanna í æðstu stjórnnum fyrirtækja á Íslandi.

Linda Blöndal ræðir við stjórnendur Jafnvægisvogarinnar, stjórnendur leiðandi fyrirtækja í landinu og forstjóra Kauphallarinnar.

Þátturinn er á dagskrá í kvöld kl. 19.30, bara á Hringbraut.



HRINGBRAUT

Merkisatburðir

- 1848** Þjóðólfur, fyrsta fréttablað á Íslandi, hefur göngu sína.
- 1960** Ásgrimssafn er opnað í húsi Ásgríms Jónssonar listmálara við Bergstaðastræti í Reykjavík.
- 1985** Fjalakötturinn í Aðalstræti er rifinn.
- 1993** Fjöldi fólks biður án árangurs eftir því að geimverur lendi við Snæfellsjökul klukkan 21.07.
- 1994** George Foreman verður þungavigtarmeistari í hnefaleikum í annað sinn og elsti meistari sögunnar, 42 ára gamall.
- 1996** Bill Clinton vinnur forsetakosningar í Bandaríkjunum gegn frambjóðanda Repúblikana, Bob Dole.
- 1996** Vatnsmikið jökulhlaup hefst úr Grímsvötnum og stendur í tvo daga.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Friðgeir Eiríksson
verkstjóri,

lést á Hrafnistu Reykjavík mánudaginn
1. nóvember. Útför hans fer fram
frá Kópavogskirkju mánudaginn
8. nóvember kl. 13.00. Streymt verður
frá athöfninni á <https://youtu.be/iyfLafWL9Nk>

Theodór S. Friðgeirsson
Eiríkur I. Friðgeirsson
Ísabella Friðgeirsdóttir
Bryndís G. Friðgeirsdóttir
Guðmann Friðgeirsson
Ingigerður Friðgeirsdóttir

María Garðarsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir

Már Óskarsson
Egill Þorláksson
barnabörn og langafabörn.



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,
Bragi Sigmar Heiðberg
Vesturvegi 19, Vestmannaeyjum,

lést á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum
25. október. Útförin fór fram í kyrrþey
að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til
starfsfólks sjúkrahússins fyrir hlýja og góða umönnun.
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

Jón Sigurpáll Hansen
Erna Björk Friðriksdóttir
Ingibjörg Elín Árnadóttir
Hafdis Steina Árnadóttir
Árni Freyr Jónsson

Birgitta Svandís Reinaldsdóttir
Birgir Snævarr Áspórssen
Einar Mikael Sölvason
Guðný Sara Birgisdóttir



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,
Anna Ragnarsdóttir
frá Stykkishólmi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir,
Grafarvogi, 3. nóvember.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 9. nóvember kl. 15.

Aðstandendur þakka starfsfólkinu á hjúkrunarheimilinu
Eir Grafarvogi fyrir einstaka umönnun og væntumþykju.

Eypór Sigurbergsson
Ómar Sigurbergsson
Ivar Sigurbergsson
Edda Sigurbergsdóttir
Ester Sigurbergsdóttir

Turid Lismoen
Sif Gunnarsdóttir
Auður Ögmundsdóttir

börn og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Bjarni Guðrðsson
bóndi og organisti,
Nesi í Reykholtssdal,

lést á Landspítalanum 31. október sl.
Útför hans fer fram frá Reykholtskirkju
laugardaginn 6. nóvember kl. 11.

Útförinni er streymt beint á feisbókarsíðu
Reykholtsprestakalls og á [facebook.com/snorrastofa](https://www.facebook.com/snorrastofa).
Fjölskyldan þakkar starfsfólki taugalækningadeildar
Landspítalans fyrir hlýhug og góða umönnun.

Sigurður Bjarnason
Einar Bjarnason
Sigrún Benediktsdóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Helga Björk Bjarnadóttir

Vaka Kristjánsdóttir
Birgir Hlíðar Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Sýningin er svokallað tónleikhús þar sem hljómsveitin er inni á sviðinu allan tímann. Frá leiklestri í Gerðubergi.

MYND/ADSEND

Listakonur frá ólíkum heimum

